

**Þinggerð 76. ársþings KSÍ,
haldið í Ólafssal, Ásvöllum, í Hafnarfirði, 26. febrúar 2022**

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til 76. ársþings KSÍ. Þingið hófst á stuttu myndbandi til minningar um þau sem féllu frá á síðastliðnu ári. Að því loknu voru sýndar svipmyndir frá knattspyrnuárinu 2021 í stuttu myndbandi.

Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, var fjarverandi vegna veikinda en spiluð var upptaka af setningaræðu hennar:

Þingforsetar, gestir og kærur félagar. Ég vil byrja á því að senda kæra kveðjur til ykkar á ársþinginu og þakka ykkur kærlega fyrir ykkar framlag við að móta og efla íslenska knattspyrnu til framtíðar. Mér þykir afskaplega leiðinlegt að geta ekki verið með ykkur og ég er satt að segja miður mín yfir þessari ömurlegu tímasetningu hjá mér og Covid.

Ég er bjartsýn og jákvæð fyrir hönd knattspyrnunnar á Íslandi. Sóknartækifæri eru fjölmörg og leiðin liggur upp á við. Með markvissri vinnu horfir nú til betri vegar en það þýðir samt ekki að við getum sofnað á verðinum. Við þurfum alltaf að halda áfram, vera í fararbroddi þeirra sem vilja skapa örugga íþróttahreyfingu þar sem öllum líður vel.

Þrátt fyrir Covid náðist að ljúka mótum, öfugt við árið á undan. Það var að sjálfsögðu gleðiefni en mörg félög glímdu eigi að síður við mikla fækkun áhorfenda. Það verður okkar sameiginlega verkefni, félaganna og KSÍ, að finna leiðir til fjölga áhorfendum á ný. Mig langar að nota tækifærið að þakka öllum sem komu að skipulagi og framkvæmd leikja og móta kærlega fyrir ykkar störf, oft við erfiðar og flóknar aðstæður. Tilfinningin er að eftir reynslu undanfarinna tveggja ára séu okkur allir vegir færir. Ég er því fullviss um að tímabilið 2022 verði eitt okkar allra besta í öllum aldursflokkum.

Fyrir þinginu liggja breytingatillögur á mótahaldi, einar mestu breytingar í manna minnum. Verði þær samþykktar munum við sjá verulegar breytingar á mótahaldi á þessu ári og því næsta. Mikilvægt er að umræður um þessar breytingartillögur verði málefnalegar og ræddar með hag fótboltans að leiðarljósi.

Síðasta ár var viðburðaríkt hjá landsliðunum okkar, ekki er hægt að segja annað. Mikil uppbygging er fram undan, ekki síst hjá A landsliði karla. Ég tel afar mikilvægt að við flykkjum okkur á bakvið þetta unga lið og styðjum við þá uppbyggingu sem hafin er. Hún mun vafalaust taka einhvern tíma, jafnvel einhver ár en við ætlum okkur í fremstu röð á ný.

A landslið kvenna stóð sig frábærlega á árinu. Þær eru að fara á EM í Englandi næsta sumar og eru í dauðafæri á að tryggja sér sæti á HM í Ástralíu og Nýja-Sjálandi 2023. Við höfum aldrei átt jafn marga leikmenn í sterkustu deildum heims í kvemboltanum og það vekur væntingar um góðan árangur til framtíðar. Tilhlökkun fyrir sumrinu og EM á Englandi er mikil.

U21 lið karla tók þátt í lokakeppni EM í Ungverjalandi í mars 2021. Á þessu lokamóti fengu margir af okkar efnilegustu leikmönnum ómetanlega reynslu í bankann sem mun án efa skila sér inn í A landslið karla á næstu árum. U17 kvenna og U19 kvenna náðu þeim góða árangri að komast í milliriðil í „Nations League“ keppni UEFA, sem er ný keppni. U19 karla komst einnig í milliriðil „UEFA Elite Round“ sem fer fram núna í mars og verður gaman að fylgjast með því. Ég vil þakka landsliðsþjálfurum ásamt teyllum í kringum liðin kærlega fyrir þeirra vinnu við oft mjög krefjandi aðstæður.

Með eflingu knattspyrnusviðs, áframhaldandi vinnu með afreksstefnuna og ráðningu Grétar Rafns Steinssonar í stöðu tæknilegs ráðgjafa KSÍ hafa næstu skref verið stigin í afreksstarfi. Þau stóru framfaraskref sem ég sé okkur geta tekið á næstu árum eiga ekki síður við um félagsliðin okkar og ættum við að stefna ótrauð að betri árangri í Evrópumótum félagsliða. Breiðablik náði í haust að komast í riðlakeppni Meistaradeildar kvenna og nú þurfum við öll að taka höndum saman og fylgja eftir þeim frábæra árangri. Ég er viss um að með samstarfi og samvinnu, lengra mótahaldi og markvissri þjálfun sé betri árangur handan við hornið. Við þurfum einnig að finna fleiri leiðir til að efla yngri leikmennina okkar og verður breytingin á keppni í 3. flokki karla og kvenna vonandi lóð á þær vogarskálar.

Grasrótastarf og afreksstarf ganga hönd í hönd og annað getur ekki án hins verið. Iðkendum hefur fjölgað á síðustu árum, sem er mjög jákvætt en eigi að síður eru sum félög að glíma við fækkun, ekki síst félög á landsbyggðinni. Þessu þurfum við að sporna gegn því eitt helsta markmið KSÍ er að fjölga iðkendum. Ýmsar hugmyndir eru í gangi hvað þetta varðar.

Laugardalsvöllur er löngu orðinn barn síns tíma, völlur á undanþágum og aðstaðan er með öllu óboðleg. UEFA hefur krafist svara um framkvæmdir og ljóst að aðgerða er þörf. Ásmundur Einar Daðason, ráðherra íþróttamála, hefur lýst yfir miklum áhuga á verkefninu, sem er ánægjulegt. Nýr starfshópur þriggja ráðuneyta hefur hafið störf og á að skila skýrslu um miðjan mars næstkomandi. Vonandi er nú loks að birta til í málefnum Þjóðarleikvangs, því ekki verður unað við núverandi ástand mikið lengur. Við þurfum völl sem uppfyllir kröfur um alþjóðaknattspyrnu, sem ýtir undir árangur en hamlar honum ekki, sem nýtist landsliðum og félagsliðum og býður upp á aðstöðu sem stenst kröfur nútímans. Glæsilegir knattspyrnuvöllir spretta upp víða um Evrópu og ekki skortir á hugmyndir um uppbyggingu vallar hér á landi. Stjórnvöld þurfa því að bretta upp ermar og láta verkin tala.

Þetta var erfitt ár fjárhagslega fyrir KSÍ, eins og svo marga aðra innan íþróttahreyfingarinnar og tap var á rekstrinum. Til að tapið yrði ekki meira en raun bar vitni var hagrætt á ýmsum sviðum. Alls var um 144 milljónum króna úthlutað til aðildarfélaga á árinu. Nauðsynlegt er að auka tekjur KSÍ, til að styrkja megi félögin enn betur.

Covid hefur leikið mörg félög grátt, sem og KSÍ. Við höfum staðið í hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum núna á haustdögum og fram að ársþingi, með það að markmiði að íþróttahreyfingunni verði bætt það gríðarlega tekjutap sem mörg félög hafa orðið fyrir, einna helst vegna fækkunar áhorfenda og niðurfellingu viðburða. Við, ásamt forsvarsmönnum ÍSÍ, HSÍ og KKÍ höfum unnið saman að því að tryggja íþróttahreyfingunni styrki og vil ég þakka þeim kærlega fyrir samstarfið. Þrátt fyrir að málið hafi tafist er ég ennþá bjartsýn á að ríkisstjórnin sýni stuðning í verki.

Ég vil líka nota tækifærið og óska ÍTF til hamingju með þá samninga sem gerðir hafa verið á síðustu mánuðum varðandi íslenskan fótbolta. Um er að ræða verðmætustu samninga þessarar tegundar sem gerðir hafa verið hér á landi og þeir sýna svo ekki verður um villst hversu verðmæt markaðsréttindi knattspyrnunnar eru orðin. KSÍ og ÍTF tóku höndum saman við þessa umfangsmiklu samningagerð og lögðu fulltrúar ÍTF gríðarlega vinnu í hana og eiga þeir hrós skilið. Má segja að uppskeruhátíð hafi verið haldin síðastliðin fimmtudag þar sem meðal annars nýtt nafn efstu deildarinnar var kynnt. Besta deildin.

Atburðir haustsins hafa varla farið framhjá neinum. Mér finnst mikilvægt að við stöndum við yfirlýsingar okkar og sýnum að okkur sé full alvara með að ætla að hlusta á þolendur, vinna gegn ofbeldi og taka á því af festu og fagmennsku. Besta leiðin er án nokkurs vafa að vera með öflugt forvarnarstarf ásamt skýrum verkferlum og viðbragðsáætlunum.

Á þessum tæpu fimm mánuðum sem liðnir eru frá því að ég tók við sem formaður hefur fólkið í hreyfingunni tekið mér afskaplega vel. Það er svo mikið af góðu fólki í þessari hreyfingu, fólk sem hefur unnið af heilindum árum og jafnvel áratugum saman. Fólk með góð gildi, sterkir karakterar og góðar manneskjur. Þannig að mig langaði því að enda á að þakka ykkur fyrir móttökurnar og óska ykkur góðs gengis á þinginu í dag.

Borghildur Sigurðardóttir, 1. varaformaður KSÍ; setti þingið með formlegum hætti.

Viðurkenningar fyrir síðasta starfsár voru afhent fyrir ársþing að þessu sinni, en þau hlutu:

- Grasnótarverðlaun KSÍ:
 - Grasnótarverkefni ársins – Keflavík og Njarðvík fyrir verkefnið *Íþróttir fyrir börn með mismunandi stuðningsþarfir*.
 - Grasnótarfélag ársins – ÍBU (Uppsveitir) fyrir frábært uppbyggingarstarf í knattspyrnu barna og unglunga.
 - Grasnótarpersóna ársins – Margrét Brandsdóttir fyrir brautryðjendastarf í þjálfun yngri flokka kvenna í FH.
- Jafnréttisverðlaun KSÍ: Berglind Ingvarsdóttir og Þorbjörg Helga Ólafsdóttir fyrir fótboltaspjöld kvennalandsliðsins.
- Fjölmiðlaverðlaun KSÍ: ÍA TV vegna vefútsendinga frá knattspyrnuleikjum.
- Viðurkenningu fyrir dómaramál: FH fyrir nýliðun dómara og góða umgjörð
- Háttvísiviðurkenning í Pepsi Max deild karla: Breiðablik.
- Háttvísiviðurkenning í Pepsi Max deild kvenna: Þróttur R.
- Háttvísiviðurkenning í Lengjudeild karla: Þróttur R.
- Háttvísiviðurkenning í Lengjudeild kvenna: Augnablik.
- Háttvísiviðurkenning í 2. deild kvenna: KH.
- Háttvísiviðurkenning í 2. deild karla: ÍR.
- Háttvísiviðurkenning í 3. deild karla: Sindri og Höttur/Huginn.
- Háttvísiviðurkenning í 4. deild karla: KFB.

Borghildur Sigurðardóttir, fyrsti varaformaður KSÍ, gerði tillögu um eftirtalin í kjörbréfanefnd og voru þau sjálfkjörin:

Katla Guðjónsdóttir, formaður
Lee Ann Maginnis
Brynjar Freyr Garðarsson
Engar athugasemdir bárust og kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

Borghildur Sigurðardóttir, fyrsti varaformaður KSÍ, gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:

1. þingforseti: Þórir Haraldsson
2. þingforseti: Helga Guðrún Guðjónsdóttir
og voru þau bæði samþykktir af þingfulltrúum. Þingforsetar tóku því næst við þingstjórn.

Þingforseti bar fram tillögu um 1. og 2. þingritara:

1. þingritari: Ágúst Ingi Jónsson
2. þingritari: Dagur Sveinn Dagbjartsson
og voru þeir báðir samþykktir og tóku þegar til starfa.

Ávörp gesta

Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, ávarpaði þingið. Andri flutti þingheim kveðjur forseta og framkvæmdastjórnar ÍSÍ í upphafi ræðu sinnar.

Andri mælti svo:

Íþróttahreyfingin hefur þurft að glíma við margar áskoranir á undanförunum misserum. Bæði viðkvæm mál sem hafa komið upp en sömuleiðis hefur heimsfaraldur sett strik í reikninginn gagnvart íþróttastarfi. Það hafa því verið margar áskoranir sem við höfum þurft að glíma og bregðast við sem ein heild. Í öllum þessum málum er mikilvægt að íþróttahreyfingin standi saman og við hjá ÍSÍ höfum fundið að þarna hefur máttur íþróttahreyfingarinnar komið sterkur inn. Við höfum verið í góðu samstarfi við sérsamböndin og íþróttahéruðin um land allt. Þar hafa félögin öll komið vel að verki og vil ég þakka ykkur öllum fyrir samstarfið á síðastliðnum misserum. Þetta hefur verið erfiður tími fyrir marga en við sem sameiningarkraftur íþróttanna í landinu höfum fundið það að íþróttirnar skipta meira og meira máli fyrir þjóðina. En vonandi eru bjartari tímar framundan og við getum farið að huga að okkar eðlilega starfi, líkt og við höfum gert undanfarin ár.

ÍSÍ hefur verið í samstarfi við stjórnvöld. Við höfum verið að vinna að því að fá fjárhagslegar bætur til íþróttahreyfingarinnar. Viðræður eru enn í gangi og vonir standa til að niðurstöður fái á næstu dögum og misserum. Einnig er mikil vinna í gangi sem snýr að þjóðarleikvöngum og viðræður við ríkið standa yfir um þau mál.

Hvað varðar ofbeldismál innan íþróttahreyfingarinnar, þá er vinnuhópur að störfum hjá ÍSÍ, sem skipaður var í ágúst sl. Hópurinn á að ljúka störfum á næstu vikum. Þar er verið að skoða þær heimildir sem eru í lögum og reglum íþróttahreyfingarinnar, hvað megum við og hvað megum við ekki. Við vonumst til áframhaldandi góðs samstarfs við félögin og sambandsaðila við að innleiða þær tillögur sem koma frá vinnuhópnum. Það er ljóst að gera þarf betur varðandi ýmsa þætti. Við þurfum að vera með okkar bakland tryggt. Hvað megum við og hvernig getum við brugðist við þegar þess þarf.

Mikilvægt er að standa vörð um sjálfbærni, mikilvægt er að passa upp á fólk sem tekur að sér að sitja í stjórnnum félaga, sem dæmi. Þetta er einn mikilvægasti hópur hreyfingarinnar og án þeirra væri lítið íþróttastarf í landinu. Við þurfum að vinna saman að því að gæta hagsmuna þessa hóps. Það eru margir aðilar sem hafa lagt mikið af mörkum í knattspyrnuhreyfingunni að yfirgefa hreyfinguna og hafa yfirgefið sviðið á síðustu misserum og vil ég þakka þessum aðilum sérstaklega fyrir þeirra framlag. Knattspyrna er fjölmennasta íþróttagreinin og það er meðal annars vegna vinnu þessa fólks.

KSÍ er æðsti aðili knattspyrnu á Íslandi. Það er svo samkvæmt lögum bæði ÍSÍ og KSÍ og á þingi eins og þessu eru stórar ákvarðanir teknar. Það er því mikilvægt að önnur hagsmunasamtök innan knattspyrnunnar hjálpi til við að styðja við bakið á þeirri stjórn sem kosin er til starfa hverju sinni. Samvinna og samstarf er það sem kemur okkur áfram og það mikilvægasta sem við höfum á þessum tímamarki. Mörg áföll hafa dunið á íþróttahreyfingunni og ekki síst knattspyrnuhreyfingunni og nú þurfum við að snúa bökum saman, sem aldrei fyrr. Barátta á að eiga sér stað innan vallar, utan hans á að eiga sér stað samvinna.

Að lokum vil ég óska þingfulltrúum farsældar í því starfi sem framundan er, nú er tími til að horfa fram á veginn, það eru bjartari tímar framundan og ég vænti þess að við munum áfram eiga gott samstarf, ÍSÍ og knattspyrnuhreyfingin, til að bæta enn frekar kjör og starfið í landinu.

Takk fyrir.

Laura Dijak, fulltrúi FIFA, ávarpaði þingið. Laura kom á framfæri kveðju til þingsins frá forseta FIFA, Gianni Infantino, og framkvæmdastjóra FIFA, Fatma Samoura.

Laura sagði að FIFA legði mikla áherslu og vinnu í að framgangur knattspyrnunnar á heimsvísu væri sem mestur og lýsti yfir stuðningi við knattspyrnu á Íslandi til að efla íþróttina enn frekar. Knattspyrnuhreyfingin á Íslandi gæti stólað á stuðning FIFA. Hún óskaði frambjóðendum í formannskosningum og allri fótboltafjölskyldunni á Íslandi alls hins besta.

Ræða Laura Dijak á ensku:

Dear President, dear Members of the Board, dear representatives of the Icelandic football family,

It is a great pleasure for me to be here today, on occasion of your General Assembly, to address a few words to you as FIFA's representative. Please allow me to express the warmest regards on behalf of the FIFA President, Gianni Infantino, our Secretary General Fatma Samoura, as well as from the entire FIFA administration.

In the era of Zoom meetings and virtual Congresses, it is certainly encouraging that you have been able to stage a physical General Assembly – our compliments on organising this event, and we can hopefully take this as a sign that these challenging times are coming to an end.

As clearly set forth by FIFA President Gianni Infantino in FIFA's vision "Making Football Truly Global", FIFA is fully committed to promoting and maximising football development at a global level, by working hand in hand with our Member Associations and all other stakeholders.

It's with this spirit that I am here today, to recognise the strong collaboration between the Icelandic FA and FIFA over the past years, a collaboration I'm sure we will see growing ever stronger in the years to come. We thank you for this, for working together shoulder to shoulder with us at FIFA, and together championing the sport we all love – football.

Rest assured, you can count on FIFA's continued support and commitment. Be it via the FIFA Forward Programme, via the COVID-19 Relief Plan, or via ad-hoc support as and when you need it, we are at your service. And with the second edition of the Forward Programme in full flow and the third iteration just around the corner, we look forward to embarking on exciting new projects and initiatives together with you.

Dear representatives, dear friends, last but not least, please allow me to express our warmest regards to the candidates of today's presidential elections – and indeed to the whole Icelandic football family.

I wish you a productive General Assembly today and all the very best for a successful 2022.

Thank you!

Yann Hafner, fulltrúi UEFA, ávarpaði þingið. Yann kom á framfæri kveðju frá forseta UEFA, Aleksander Ceferin.

Hann ræddi um mikilvægi lýðræðis í knattspyrnuheiminum og lýsti yfir ánægju sinni með lýðræðislegt kjör og gagnsæi í formannskosningum og kosningum til stjórnar KSÍ. Kosningarnar á þessu þingi sýni styrk KSÍ. Kosningar opni dyr fyrir gagnrýni en einnig tækifæri til að hlusta á raddir úr hreyfingunni og læra af mistökum. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður, þá undirstriki kosningarnar styrk og þrautseigju KSÍ. Og með þeim gefist tækifæri til að horfa fram á veginn.

UEFA og önnur sambandsríki þess hafi lengi horft á KSÍ sem innblástur og muni gera það áfram.

Ræða Yann Hafnes á ensku:

It is a great honour to be present for today's General Assembly.

Our UEFA President, Aleksander Ceferin, sends his warm regards and best wishes for today's presidential election.

We are joined today by our colleague from FIFA - Laura Dijak. I know I speak for all of us when I say that we are delighted to witness one of the most important building blocks of football governance: democracy.

Given this is an elective General Assembly, I want to take a moment to revisit why democratic elections and procedures matter to European football – and the importance of today's presidential election.

Today, the Icelandic FA demonstrates transparency, democracy and moving forward with confidence.

Today's election first showcases that the Icelandic FA is committed to transparency. Time and time again, transparency has put football's best – and worst – moments on display. The reality of transparency is it opens the door to criticism. It quickly highlights missteps and mistakes. It is in these moments of intense criticism that it is hardest to stand by the values of transparency and democracy.

But as much as transparency exposes our faults, it also celebrates our victories. Because when we are open to criticism, we also send the message that we are open to learning. We are open to adapting. We are striving to hold ourselves to the highest standards.

Today's election reflects the strength of the Icelandic FA. You may be open to criticism, but you are also willing to listen and learn. I applaud your federation for holding yourselves and European football to the highest standards.

Today's election is also important as it is a manifestation and celebration of democracy. Democracy in football gives every person a voice – and values each voice as equal. Whatever the results of an election may be, we can move forward with confidence knowing the results reflect every voice.

Despite difficult circumstances, today's election underlines the resilience of the Icelandic FA. The results of today's election empower you to continue to move forward with confidence.

UEFA and our member associations have long looked to your federation for direction and inspiration. European football will continue to look up to your federation because of days like today.

Thank you for your attention – I wish Sævar and Vanda the best of luck for the election.

Takk fyrir.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, ávarpaði þingið.

Formaður og stjórn KSÍ, ágætu gestir og þingfulltrúar.

Síðasta ár var krefjandi. Það krafðist sveigjanleika og yfirvegunar. Vissulega tók það á en eins og með margar aðrar mótbáru sem ekki brjóta okkur niður þá komumst við enn sterkari í gegnum allar þær þrengingar sem við ætlum okkur – ekki síst ef við stöndum saman.

Við stöndum öll frammi fyrir verkefnum samtímans. Vera kann að við upplifum stöðuna með ólíkum hætti og áskoranir geta vissulega verið misjafnar. En fólkið innan vébanda Íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar um allt land hefur fyrir löngu sýnt hversu auðvelt það á með að ganga í verkefnin og finna lausnir á þeim vandamálum sem það stendur frammi fyrir. Ekkert fjall er svo hátt eða stórt að ekki sé hægt að komast þar upp eða í kringum það.

Íþróttahreyfingin þarf að vera skrefi á undan samtíðinni. Til að það gangi upp þurfum við að ganga óhrædd inn í framtíðina og þora að leggja á okkur þá vinnu sem þarf til að það gangi upp.

Íþróttahreyfingin á einnig að vera til fyrirmyndar. Það þýðir að við sem störfum innan hennar þurfum líka að vera fyrirmyndir. Þær fyrirmyndir hugsa ekki um eigin hag heldur hagsmuni heildarinnar. Við þurfum og eigum að vinna saman, því árangur félaganna utan vallar birtist ekki síst í auknu samstarfi og betri samvinnu innan og utan hreyfingarinnar. Góð samvinna skilar sér svo ekki síst í enn betra samstarfi við stjórnvöld, sem við verðum að muna að hafa, þrátt fyrir allt, stutt mjög dyggilega við íþróttastarf í faraldrinum.

Við hjá UMFÍ nýttum tímann síðustu misseri til að fara í ítarlega stefnumótun með grasrótinni um allt land. Í vinnunni var hnykk enn frekar á gleðinni sem felst í þátttöku í starfi innan vébanda UMFÍ, gildi samvinnu og þeim margfeldisháhrifum sem traust samstarf skilar. Gleði, samvinna og traust er umfram allt lykillinn að starfi hreyfingarinnar.

Við í íþróttahreyfingunni eigum að vera óhrædd við að breyta starfsemi okkar í samræmi við þarfir og tíðaranda hverju sinni. Við eigum að hugsa út fyrir okkur sjálf og við verðum að hugsa til framtíðar fyrir alla.

Að lokum flyt ég ykkur kveðju stjórnar og starfsfólks Ungmennafélags Íslands.

Ég óska knattspyrnuhreyfingunni velfarnaðar, þakka starfsmönnum og sjálfbóðaliðum fyrir óeigingjarnt starf, og óska ykkur góðs gengis á þinginu í dag.

Tökum frumkvæði, stöndum saman, hlustum og einsetjum okkur að standa undir því að vera þær fyrirmyndir sem samfélagið vill horfa til.

Það er samfélaginu til góða.

Takk fyrir mig.

Álit kjörbréfanefndar

Katla Guðjónsdóttir, formaður kjörbréfanefndar, flutti álit kjörbréfanefndar.

Félag	Réttur til þingsetu	Mæting	Þingfulltrúar
Afríka	1	1	Zakaria Elias Anbari.
Afturelding	4	4	Erla Eiríksdóttir, Gísli Elvar Halldórsson, Dagbjört Jónsdóttir, Agnar Freyr Gunnarsson.
Augnablik	3	3	Sigmar Ingi Sigurðarson, Sigrún Óttarsdóttir, Sigurður Hlíðar Rúnarsson.
Álafoss	1	1	Ísak Orri Leifsson Schjetne.
Álftanes	1	1	Adam David Wheeler.
Árborg	1	1	Sigurður Sigurðsson.
Berserkir	1	1	Rúnar Sigurðsson.
Breiðablik	4	4	Flosi Eiríksson, Bjarni Bergsson, Ingibjörg A. Guðmundsdóttir, Jóhann Þ. Jónsson.
Dalvík/Reynir	1	1	Magni Þór Óskarsson.
Einherji	1	1	Heiðar Aðalbjörnsson.
Elliði	1	1	Ragnar Páll Bjarnason.
FH	4	4	Valdimar Svavarsson, Elsa Hrönn Reynisdóttir, Arnar Ægisson, Viðar Halldórsson.
Fjarðabyggð	3	3	Ágúst Hreinn Sæmundsson, Kristinn Hafþór Sæmundsson, Pálmi Þór Jónsson.
Fjölfnir	3	3	Geir Kristinsson, Hjörleifur Þórðarson, Trausti Harðarson.
Fram	4	4	Agnar Þór Hilmarsson, Daði Guðmundsson, Ingveldur Ragnarsdóttir, Sigurður Hrannar Björnsson.
Fylkir	3	3	Arnar Þór Jónsson, Stefanía Guðjónsdóttir, Júlíus Örn Ásbjörnsson.
GG	1	1	Andri Páll Sigurðsson.
Grindavík	3	3	Gunnar Már Gunnarsson, Helgi Bogason, Ægir Viktorsson.
Grótta	3	3	Þorsteinn Ingason, Þóra Kristín Jónsdóttir, Karen Sif Magnúsdóttir.
Hamar	1	1	Guðbjörg Rósa Björnsdóttir.
Hamrarnir	1	1	Olgeir Sigurgeirsson.
Haukar	3	3	Halldór Jón Garðarsson, Brynjar Viggósson, Þórdís Rúriksdóttir.
HK	3	3	Frosti Reyur Rúnarsson, Sigurður Garðar Flosason, Ósk Kristinsdóttir.
Hvíti riddarinn	1	1	Patrekur Orri Guðjónsson.
Hörður Í.	1	1	Samúel Samúelsson.
Höttur/Huginn	2	2	Guðmundur Bj. Hafþórsson, Sveinn Ágúst Þórsson.

ÍA	4	4	Eggert Herbertsson, Jónína Víglundsdóttir, Valdís Eyjólfsdóttir, Heimir Fannar Gunnlaugsson.
ÍBV íþróttafélag	4	4	Daniel Geir Moritz, Magnús Sigurðsson, Guðmundur Jensson, Jón Ingason.
ÍH	1	1	Jón Ásbjörnsson.
ÍR	2	2	Auður Sólrún Ólafsdóttir, Margrét Jónsdóttir.
Ísbjörninn	1	1	Hafþór Karlsson.
KA	4	4	Torfi Rafn Halldórsson, Ólafur A. Pálsson, Grétar Bragi Hallgrímsson, Þorvaldur Makan Sigbjörnsson.
Kári	1	1	Sveinbjörn Geir Hlöðversson.
KB	1	1	Örn Þór Karlsson.
Keflavík	4	4	Sigurður Garðarsson, Gunnar Oddsson, Jóhann Sigurbergsson, Inga Lára Jónsdóttir.
KF	2	2	Baldvin Már Borgarsson, Kristófer Númi Hlynsson.
KFG	1	1	Kristján Másson.
KFR	1	1	Tinna Erlingsdóttir.
KFS	1	0	
KH	1	1	Eysteinn Húni Hauksson.
Kormákur/Hvöt	1	1	Lee Ann Maginnis.
Kórdrengir	1	1	Logi Hermannsson.
KR	4	4	Margrét Hafsteinsdóttir, Magnús Lúðvíksson, Sigurður Örn Jónsson, Páll Kristjánsson.
Kría	1	0	
KV	1	1	Auðunn Örn Gylfason.
Leiknir F	2	2	Magnús Ásgrímsson, Jón Bragi Magnússon.
Leiknir R	4	4	Oscar Clausen, Stefán Páll Magnússon, Bjarni Björnsson, Þórir Þórisson.
Léttir	1	1	Stefán Arnar Harðarson.
Magni	2	2	Hjörtur Geir Heimisson, Jón Helgi Pétursson.
Mídas	1	1	Hrannar Már Gunnarsson.
Njarðvík	2	2	Brynjar Freyr Garðarsson, Gunnlaugur S. Hafsteinsson.
Reynir S	2	2	Andri Þór Ólafsson, Hannes Jón Jónsson.
Selfoss	4	4	Sævar Þór Gíslason, Hjalti Þorvarðarson, Eiríkur Steinn Búason, Ingbór Jóhann Guðmundsson.
Sindri	1	1	Arna Ósk Harðardóttir.
Skallagrímur	1	1	Oddný Eva Böðvarsdóttir.
SR	1	1	Jóhann G. Baldvinsson.
Stjarnan	4	4	Helgi H. Jónsson, Gunnar G Leifsson, Þorvaldur Örlygsson, Valdemar Einarsson.
Tindastóll	3	3	Snæbjört Pálsdóttir, Brynhildur Ólafsdóttir, Þóra Rut Jónsdóttir.
Valur	4	4	E. Börkur Edvardsson, Sigurður K Pálsson, Bragi G Bragason, Rósa María Sigbjörnsdóttir.
Vatnaliljur	1	1	Hafþór Halldórsson.
Vestri	3	3	Jón Hálfán Pétursson, Daði Valgeir Jakobsson, Tinna Hrunð Hlynisdóttir Hafberg.
Víðir	1	1	Sólmundur Einvarðsson.
Víkingur Ó	2	2	Hilmar Hauksson, Oddur Orri Brynjarsson.

Víkingur R	4	4	Sverrir Geirdal, Katla Guðjónsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Sváfnir Gíslason.
Vængir Júpíters	1	1	Helgi Þorsteinsson.
Völsungur	2	2	Jónas Halldór Friðriksson, Ingvar Björn Guðlaugsson.
Ýmir	1	1	Baldur Már Bragason.
Þór	4	4	Bjarni Sigurðsson, Sævar Eðvarðsson, Andrea Mist Pálsdóttir, Kristján Steinn Magnússon.
Þróttur R	4	4	Kristján Kristjánsson, Pála Þórisdóttir, Kristófer Ólafsson, Bolli Már Bjarnason.
Þróttur V	3	3	Marteinn Ægisson, Gunnar J. Helgason, Jóhann Helgason.
Ægir	2	2	Guðbjartur Örn Einarsson, Lárus Arnar Guðmundsson.
	151	149	

Fyrirnefndir 149 fulltrúar (af 151) frá 69 félögum mættu til þings og voru kjörbréf þeirra einróma samþykkt.

Framkvæmdastjóri KSÍ, Klara Bjartmarz, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar. Skýrsluna er að finna á sérstakri heimasíðu sem búin var til um skýrslu stjórnar.

Borghildur Sigurðardóttir, fyrsti varaformaður KSÍ og formaður fjárhags- og endurskoðunarnefndar KSÍ, lagði fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga:

Ingi Sigurðsson (KSÍ) tók til máls:

Þingforsetar, ágætu þingfulltrúar og aðrir gestir.

Í tengslum við fyrirbyggjandi skýrslu stjórnar þá vil ég fara yfir nokkur atriði er lúta að þeim atburðum er leiddu til afsagnar formanns og stjórnar KSÍ í lok ágúst 2021. Á aukabingi sambandsins í byrjun október 2021 voru engar umræður um þessa tilteknu atburðarrás og því mikilvægt að mínu mati að hreyfingin ræði saman þegar svo stórt og erfitt mál kemur upp innan hreyfingarinnar.

Ekki ætla ég mér að fara að rekja þá atburðarrás sem var þessa síðustu helgi í ágúst nema þá aðkomu ÍTF og hreyfingarinnar í framhaldinu. Það sem liggur fyrir er að rétt fyrir kvöldmat sunnudaginn 29. ágúst lauk löngum fundarhöldum þáverandi stjórnar KSÍ þá helgina, í kjölfar atburða er komið höfðu upp í undangenginni viku. Þá lá fyrir yfirlýsing frá stjórninni sem birt var í fjölmiðlum þar sem stjórnin tók m.a. skýrt fram afsökunarbeiðni til handa þolendum og öðrum hlutaðeigandi. Í þeirri yfirlýsingu er einnig eftirfarandi tekið fram með leyfi þingforseta:

„Stjórnin hefur fundað undanfarna daga um þær alvarlegu ásakanir sem beinst hafa að sambandinu að undanfögnu um þöggun kynferðisbrota. Við lítum málið afar alvarlegum augum. Nú þegar hefst vinna með utanaðkomandi fagaðilum um að endurskoða öll viðbrögð við kynferðisbrotum og ofbeldi innan hreyfingarinnar og hvernig staðið var og verður að stuðningi við þolendur. Faghópur verður settur á laggirnar og heitir stjórn KSÍ því að taka á þessum málum af alvöru og festu og fylgja ráðleggingum faghópsins.“

Umræddur faghópur skilaði af sér sínum niðurstöðum í byrjun nóvember 2021 og hefur stjórn KSÍ unnið áfram með þær niðurstöður og ábendingar sem þar koma fram. Niðurstaðan er því sú að ákvörðun fyrri

stjórnar og er staðfest í umræddri yfirlýsingu hafði framgang innan sambandsins og er mikilvægt gagn í áframhaldandi vinnu þessara mála.

Í yfirlýsingunni kemur einnig fram með leyfi þingforseta:

„Fyrir liggur að formaður stjórnar KSÍ hefur sagt af sér og þannig gengist við ábyrgð á meðferð þeirra mála sem til umfjöllunar hafa verið. Þar til annað verður ákveðið munu varaformenn stjórnar sinna verkefnum sem eru á hendi formanns. Allir stjórnarmenn hafa íhugað stöðu sína. Til að tryggja órofna starfsemi sambandsins þá er niðurstaða stjórnar að skynsamlegt sé að hún sitji áfram fram að næsta ársþingi KSÍ sem haldið verður í febrúar á næsta ári en þá verður kosið til stjórnar.“

Hér kemur skýrt fram að allir stjórnarmenn mátu það að stíga til hliðar en komist að þeirri niðurstöðu að það væri skynsamlegra að sitja áfram. Það er nokkuð sem lá alltaf skýrt fyrir að vitneskja hins almenna stjórnarmanns á umræddum málum var ekki fyrir hendi. Þetta er mikilvægt að ítreka og taka skýrt fram þegar ég kem í framhaldinu inn á niðurstöður úttektarnefndar ÍSÍ hér síðar.

Það næsta sem gerist er að ÍTF boðar formannafund seint að kvöldi þessa sama dags. Fullkomlega við hæfi að félögin komi saman í ljósi þess sem var að koma fram, ræði stöðuna og hvernig staðan blasi við samtökunum. Á fundinum er formaður ÍTF sem einnig situr í aðalstjórn KSÍ og væntanlega flytur samtökunum samantekt af atburðum helgarinnar. Í framhaldinu verður það svo ofan á hjá forsvarsmönnum ÍTF að birta yfirlýsingu þar sem krafist er afsagnar stjórnar og framkvæmdastjóra KSÍ. Hvernig sú yfirlýsing varð til er í raun allt annar handleggur en velta má því upp hvort það sé eðlilegt að slík yfirlýsing sé frágengin á um 12 klst. og fær ekki formlega yfirferð og samþykki hjá stjórnnum knattspyrnudeilda aðildarfélaga ÍTF.

Þar sem um er að ræða yfirlýsingu þar sem krafist er svo stórrar ákvörðunar hefði þá ekki verið eðlilegt að óska eftir fundi með stjórn KSÍ á mánudeginum til að ræða þá stöðu sem upp var komin? Hvað lá svona á og hvað lá að baki? Hefði skipt máli hvort stjórnin hefði farið frá á mánudegi eða þriðjudegi? Töldu forkólfar ÍTF virkilega ekki betra að hafa upplýsingar frá fleiri en einum úr stjórn sambandsins? Með tilkomu formanns ÍTF í stjórn KSÍ var þá ekki tilgangurinn m.a. að treysta samvinnu og samtali ÍTF og KSÍ? Það hefur kannski bara gleymst í öllum hamaganginum þarna um kvöldið.

Fyrir mér er óskiljanlegt að slík yfirlýsing hafa verið komin fram á svo skömmum tíma, og hvað þá miðað við hvenær fundahöld ÍTF hófust. Hvernig getur það svo verið að forkólfar ÍTF telji að 15 einstaklingar sem sitja sem fulltrúar í aðalstjórn, varastjórn og landshlutafulltrúar KSÍ og hafa notið trausts hreyfingarinnar um langt árabíl, að þetta sama fólk hafi allt á sama tíma misst sinn trúverðugleika?

Varðandi umrædda yfirlýsingu ÍTF þá vakna ýmsar spurningar upp. Er eftirfarandi t.d. rétt sem kemur fram í yfirlýsingunni með leyfi fundarstjóra:

„Það var samhljóma niðurstaða fundarins að yfirlýsing KSÍ gangi allt of skammt og nauðsynlegt sé að framkvæmdastjóri og stjórn axli sameiginlega ábyrgð.“

Samþykktu öll aðildarfélög ÍTF þessa útgáfu af yfirlýsingunni? Gerðu engin aðildarfélög athugasemdir við framlagðan texta? Fékk þessi yfirlýsing afgreiðslu í stjórnnum knattspyrnudeildanna? Spyr sá sem ekki veit en hlustar á hvað aðildarfélögin segja.

Í yfirlýsingu ÍTF kemur eftirfarandi fram með leyfi þingforseta?

„Framkvæmdastjóri KSÍ og hluti stjórnar hefur setið lengi og í ljósi stöðu sinnar bera þau ábyrgð á þeim málum sem til umfjöllunar hafa verið síðustu daga.“

Hversu smekklegur er þessi texti gagnvart stjórnarfólki sem hefur gegnt trúnaðarstörfum fyrir hreyfinguna um áratugaskeið? Þetta stenst ekki skoðun og fyrir mér myndi dómari í leiknum sem við elskum segja, vinur minn nú fyrstu í „manninn“ en ekki í „boltann“, og gefa ÍTF gult spjald og jafnvel rautt spjald fyrir þessa fullyrðingu. Getur það virkilega verið að forkólfar ÍTF hafi ekki tekið mark á þeim upplýsingum sem þeir fengu um vitneskju stjórnar eða hvað? Staðreyndin er að hinn almenni stjórnarmaður hafði ekki vitneskju um þau mál sem ÍTF vísar til eins og kemur fram í niðurstöðum úttektarnefndar ÍSí.

Stjórn KSÍ er sagði af sér óskaði eftir því við framkvæmdastjórn ÍSí að gerð yrði úttekt á atburðarrás sem leiddi til afsagnar formanns og fyrirhugaðrar afsagnar stjórnar KSÍ. Umrædd skýrsla var afhent ÍSí og kynnt þann 9. desember 2021. Um er að ræða langa og ítarlega skýrslu sem tekur á fleiri málum en stjórn KSÍ óskaði eftir. Hins vegar kemur fram skýr niðurstaða með það atriði sem stjórn KSÍ óskaði eftir að yrði skoðað, þ.e. vitneskja stjórnarfólks KSÍ. Niðurstaðan sú að stjórnarfólk hafi ekki haft vitneskju um það mál sem barst inn til stjórnenda KSÍ þann 3. júní 2021 fyrr en laugardaginn 28. ágúst 2021.

Jafnframt segir svo í umræddri skýrslu með leyfi þingforseta:

„Í ljósi þessa telur nefndin ekki hægt að fullyrða að framgangna stjórnar, framkvæmdastjóra eða annarra starfsmanna í tengslum við þessar yfirlýsingar beri einkenni þöggunar- og nauðgunarmenningar. Í þessu samhengi verður jafnframt að benda á að gögnin sem nefndin hefur undir höndum og viðtöl nefndarinnar við starfs- og stjórnarfólk sem og aðra sem komu að málinu bera vott um að bæði stjórnarfólk og framkvæmdastjóri sambandsins hafi á fundum og í tölvupóstum harðlega gagnrýnt yfirlýsingar formannsins í fjölmiðlum, auk þess sem samskiptastjóri KSÍ gerði tillögu um að efni yfirlýsingar yrði annað en það sem á endanum birtist.“ „Þannig hefur nefndin ekki ráðið annað af þeim málum sem hún hefur fengið vitneskju um í athugun sinni en að KSÍ hafi sem samtök að jafnaði brugðist greiðlega við í kjölfar þeirra ábendinga sem sambandinu hafa borist um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og gert viðeigandi ráðstafanir í framhaldinu eftir atvikum málsins hverju sinni.“

Í framhaldi af birtingu skýrslunnar og niðurstöðum hennar hafa engin viðbrögð að mér vitandi komið frá ÍTF né öðru aðildarfélagi innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Það tel ég vera mjög sérstakt í ljósi þess að það tók ÍTF ekki lengra en 12 klst. að kalla eftir afsögn stjórnar þegar ÍTF taldi sig hafa fulla vitneskju varðandi umrætt mál. Svo má ekki gleyma því að það var stór hluti aðildarfélaga KSÍ sem kallaði ekki eftir afsögn stjórnar, þó svo atkvæðavægi þeirra sé minna hér á ársþinginu en þeirra sem mynda ÍTF.

Það ætti því ekki að leika neinn vafi lengur á því að yfirlýsing KSÍ sunnudaginn 29. ágúst er varðar vilja stjórnarfólks til að sitja áfram, var fullkomlega eðlileg þar sem vitneskja stjórnarfólks um tilgreint mál varð til laugardaginn 28. ágúst eða sólarhring áður og tæpum tveimur sólarhringum áður en ÍTF og níu önnur aðildarfélög kröfðust afsagnar stjórnar.

Það sem liggur því fyrir að mínu mati er eftirfarandi:

- Yfirlýsing ÍTF þann 30. ágúst var unnin í fljótfærni og því ekki nægjanlega vel ígrunduð.
- Yfirlýsing ÍTF var einnig með fullyrðingum gagnvart fyrri stjórn sem lágu alltaf fyrir að væru rangar.
- Aðkoma stjórnarfólks KSÍ var á engan máta sú sem ÍTF fullyrta í sinni yfirlýsingu.
- Fyrri stjórn kom af stað vinnu starfshóps KSÍ skipaður utanaðkomandi fagaðilum til að endurskoða öll viðbrögð við kynferðisbrotum og ofbeldi innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Sá hópur skilaði af sér í byrjun nóvember 2021.

- Fyrri stjórn óskaði eftir við framkvæmdastjórn ÍSÍ að sett yrði á stofn nefnd til að gera úttekt á viðbrögðum og málsmeðferð KSÍ vegna kynferðisofbeldismála sem tengdust leikmönnum í landsliðum Íslands. Sú nefnd skilaði af sér í byrjun desember 2021.
- Aðkoma stjórnarfólks var skoðuð af úttektarnefnd ÍSÍ og þar staðfest að vitneskja innan stjórnar um tiltekið mál varð ekki til fyrr en laugardaginn 28. ágúst þegar eftir því var gengið.
- Í dag 26. febrúar 2022 eða 81 einum degi eftir að skýrsla úttektarnefndar ÍSÍ var birt hafa engin viðbrögð komið frá ÍTF né knattspyrnuhreyfingunni. Finnst hreyfingunni það vera við hæfi miðað við það sem á undan er gengið?

Þá spyr ég, er knattspyrnuhreyfingunni ekki umhugað um að verja hreyfinguna þegar búið er að sýna fram á að umræddar ávirðingar eiga ekki við rök að styðjast? Á sama tíma og rætt er innan íþróttahreyfingarinnar um mikilvægi þess að hlúa að starfi sjálfbóðaliða þá þarf knattspyrnuhreyfingin að sýna það í verki. Umrætt stjórnarfolk sem sagði af sér var búið að starfa fyrir hreyfinguna í langan tíma, flest allt í nokkra áratugi, og á skilið betri þakkir. Það eru miklir mannkostir að geta beðist afsökunar þegar fólk er haft fyrir rangri sök. Þau ykkar sem líður ekki nægjanlega vel með aðkomu ykkar félags að yfirlýsingu ÍTF 30. ágúst vil ég þetta segja, það er aldrei of seint að biðjast afsökunar. Það hefur einn kollegi ykkar þegar gert opinberlega og gerði það strax þegar hann sá að sér. Gleymum því einnig ekki að stjórnarfolk í fyrri stjórn hefur flest allt áratugastarf að baki fyrir allnokkur aðildarfélög ÍTF.

Á árinu 2019 var gerð sú breyting að formaður ÍTF hverju sinni sitji í stjórn KSÍ. Sú atburðarrás sem ég hef fjallað um sannfærði mig ekki um réttmæti þessarar breytingar því þarna kom sannarlega prófsteinn á það að aðilar stæðu undir því sem var sagt í undanfara breytinga, að efla samtalið og sambandið á milli ÍTF og KSÍ. Ég vona að aðilar beri gæfu til að líta í eigin barm og sjá hvað hefði sannarlega mátt gera mun betur bæði á vettvangi ÍTF og KSÍ.

Í þessari atburðarrás í lok sumars kom einnig fram að það skipulag og sú verkaskipting sem er á milli formanns KSÍ og framkvæmdastjóra KSÍ þarf að endurskoða. Ég hef haft þá skoðun áður en ég tók sæti í stjórn KSÍ að formaður stjórnar KSÍ eigi að virka eins og í formaður stjórnnum almennra fyrirtækja. Framkvæmdastjóri er svo sá sem sér um allan daglegan rekstur og upplýsingaskyldu gagnvart stjórn hverju sinni. Á þeim tíma sem ég hef setið í stjórn KSÍ hef ég sannfærst enn frekar um að þessu fyrirkomulagi verður að breyta. Einnig er það mitt álit að þeir atburðir sem komu upp síðsumars 2021 hefðu síður og mögulega alls ekki komið til ef hefðbundið skipulag formanns stjórnar og framkvæmdastjóra hefði verið til staðar. Ég legg því áherslu á að komandi stjórn KSÍ skoði þessi mál af fullri alvöru.

Það er mjög líklegt að forsvarsfólk ÍTF deili ekki með mér þeirri upplifun sem ég hef hér farið yfir. Hins vegar er ÍTF ekki bara nokkrir einstaklingar heldur öll aðildarfélögin sem mynda þessi samtök. Forsvarsfólk ÍTF situr í umboði sinna aðildarfélaganna á sama máta eins og stjórn KSÍ hverju sinni.

Ég ítreka mikilvægi þess að hreyfingin okkar læri af þessum atburðum og ef upp koma erfið mál í framtíðinni að það sé passað upp á það að spyrja fyrst áður en skotið er reitt fram.

Það er einnig mikilvægt að við berum gæfu til að standa saman um það sem sameinar okkur, þ.e. að íslensk knattspyrna nái að vaxa og dafna. Við höfum svo sannarlega tækifærin til þess.

Takk fyrir gott hljóð.

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Viðar þakkaði góðan ársreikning á erfiðu ári og sagði að stjórn KSÍ hafi unnið gott starf.

Varðandi það mál sem Ingi talaði um, þá sagði Viðar að margt þyrfti að taka til skoðunar. Viðar sagðist ekki ætla að fara yfir þetta mál frá degi til dags. Um væri að ræða leiðinda mál og erfitt mál. Allir megi skoða hvað gera hafi mátt betur. Það sé hins vegar ljóst að ÍTF sé komið til vera og við þurfum að standa saman, sagði Viðar. ÍTF og KSÍ hafa fjarlægst hvort annað undanfarna mánuði. En Viðar sagði ÍTF eigi að vera sterkt afl í knattspyrnuhreyfingunni.

Viðar bætti við að það hafi ekki verið dómur á hvern einasta meðlim stjórnar KSÍ í yfirlýsingu ÍTF. Það var heildardómur á stjórnina, hvernig hún brást við ákveðnum málum. Hvort það var rangt eða rétt, það verðum við að meta, sagði Viðar. Úr stjórn KSÍ fór fullt af góðu fólki. Það varð ekkert slæmt fólk út af þessum málum. Ákveðinn trúnaðarbrestur varð og því fór sem fór. Sumir héldu áfram en aðrir ekki. Vonandi halda þau áfram að starfa fyrir knattspyrnuna, hvort sem þau komi aftur í KSÍ eða ekki.

Viðar þakkaði þeim fyrir frábært starf og sagði að þarna væri frábært fólk á ferðinni. En þetta fór svona, sagði Viðar og bætti við að endalaust væri hægt að deila um það hverjir gerðu mistökin. Að lokum sagði Viðar að við yrðum að standa saman sem hreyfing og þar muni ÍTF spila stórt hlutverk.

Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins voru samþykktir samhljóða.

Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 13

Tillögur á þingskjölum 6 til 13 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

Þingskjal 6 – Fjárhagsáætlun

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, hafði framsögu.

Fjárhagsáætlun 2022

	Áætlun 2022	Raun 2021	Áætlun 2021
Rekstrartekjur			
Styrkir og framlög	1.071.902.246	1.085.704.618	1.104.653.109
Tekjur af landsleikjum	86.350.000	110.920.029	148.090.000
Sjónvarpsréttur	359.050.381	303.376.219	311.800.000
Aðrar rekstrartekjur	88.128.000	69.167.950	67.303.500
Rekstrartekjur Laugardalsvallar	63.156.384	61.824.858	62.000.000
	1.668.587.011	1.630.993.674	1.693.846.609
Rekstrargjöld			
Kostnaður við landslið	-762.387.838	-741.532.474	-754.227.977
Mótakostnaður	-235.262.139	-213.815.730	-221.390.740
Fræðslukostnaður	-64.608.670	-62.916.671	-67.235.006
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	-305.751.639	-320.531.237	-304.347.113
Húsnæðiskostnaður	-24.200.000	-27.189.850	-27.300.000
Annar rekstrarkostnaður	0	-3.298.127	-5.000.000
Rekstrargjöld Laugardalsvallar	-93.156.384	-90.991.537	-97.280.000
Afskriftir	-47.000.000	-45.313.688	-43.000.000
	-	-	-
	1.532.366.670	1.505.589.314	1.519.780.836
Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld	136.220.341	125.404.360	174.065.772
Aðrar tekjur og gjöld			
Styrkir vegna Mannvirkjasjóðs KSÍ	30.000.000	24.950.000	30.000.000
Framlög úr Mannvirkjasjóði KSÍ	-30.000.000	-24.950.000	-30.000.000
Fjármagnsliðir	2.800.000	-5.024.646	8.300.000
	2.800.000	-5.024.646	8.300.000
Hagnaður/tap ársins	139.020.341	120.379.714	182.365.772
Greiðslur til aðildarfélaga	117.902.791	144.773.369	145.753.005
Hækkun/lækkun á sjóð	21.117.550	-24.393.655	36.612.767

Sundurliðanir

	Áætlun 2022	Raun 2021	Áætlun 2021
Styrkir og framlög			
ÍSí	50.000.000	48.415.912	35.000.000
Íslenskar gettraunir	14.000.000	11.564.224	7.900.000
UEFA	708.522.246	549.083.121	609.403.109
FIFA	146.180.000	315.685.000	317.500.000
Ýmsir styrkir	153.200.000	160.956.361	134.850.000
	1.071.902.246	1.085.704.618	1.104.653.109
Aðrar rekstrartekjur			
Fræðslutekjur	29.702.500	25.833.000	27.253.500
Mótatekjur	32.450.000	13.979.800	10.600.000
Erlendar leyfistekjur	1.787.500	6.755.150	6.950.000
Viðburðir og aðrar tekjur	2.400.000	22.600.000	22.500.000
	66.340.000	69.167.950	67.303.500
Kostnaður við landslið			
A-landslið karla			
Ferðakostnaður	146.913.620	161.522.877	152.530.500
Laun og verktakagreiðslur	97.314.822	124.512.117	148.293.700
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl.	39.210.000	61.642.433	51.300.000
	283.438.442	347.677.427	352.124.200
U-21 landslið karla			
Ferðakostnaður	41.595.000	42.344.234	34.382.070
Laun og verktakagreiðslur	15.965.175	15.833.127	22.442.950
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl.	11.895.000	12.524.417	7.900.000
	69.455.175	70.701.778	64.725.020
U-19 landslið karla			
Ferðakostnaður	28.128.656	12.202.683	20.240.700
Laun og verktakagreiðslur	14.317.385	13.589.055	13.713.375
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	3.235.000	4.000.652	4.325.998
	45.681.041	29.792.390	38.280.073
U-17 landslið karla			

Ferðakostnaður	24.013.076	12.144.607	20.367.200
Laun og verktakagreiðslur	14.317.385	11.267.634	13.583.375
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	5.130.000	4.310.554	3.970.332
	43.460.461	27.722.795	37.920.907

A-landslið kvenna

Ferðakostnaður	71.442.000	67.457.200	55.789.000
Laun og verktakagreiðslur	57.436.215	57.191.429	58.925.000
EM, heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl.	45.181.100	36.958.541	18.400.000
	174.059.315	161.607.170	133.114.000

U-23 landslið kvenna

Ferðakostnaður	2.520.000	0	3.339.500
Laun og verktakagreiðslur	1.980.000	0	1.435.000
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	500.000	0	0
	5.000.000	0	4.774.500

U-19 landslið kvenna

Ferðakostnaður	17.995.984	6.135.753	15.419.000
Laun og verktakagreiðslur	14.282.602	10.747.357	14.548.094
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	3.260.000	3.062.981	3.108.036
	35.538.586	19.946.091	33.075.130

U-17 landslið kvenna

Ferðakostnaður	19.756.464	14.384.118	14.464.600
Laun og verktakagreiðslur	14.282.602	7.957.819	14.323.094
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	3.245.000	3.781.697	3.101.178
	37.284.066	26.123.634	31.888.872

Hæfileikamótun

Sameiginlegur landsliðskostnaður	32.760.752	27.206.139	26.387.275
----------------------------------	------------	------------	------------

Kostnaður við landslið

	762.387.837	741.532.474	754.227.977
--	-------------	-------------	-------------

Mótakostnaður

Dómaralaun og launatengd gjöld	166.274.139	143.897.586	145.930.540
Ferðakostnaður dómara	17.640.000	16.723.493	20.600.000
Annar dómarakostnaður	18.000.000	15.545.941	13.905.000
Evrópukeppni félagsliða	8.600.000	9.228.243	5.000.000
Markaðs- og auglýsingakostnaður	14.848.000	8.422.744	13.955.200
Annar mótakostnaður	9.900.000	19.997.723	22.000.000
	235.262.139	213.815.730	221.390.740

Fræðslukostnaður

Laun og verktakakostnaður	41.021.170	42.128.950	38.811.006
Landshlutaverkefni	3.000.000	1.506.134	5.000.000
Námskeið og kennslugögn	20.587.500	19.281.587	23.424.000
	64.608.670	62.916.671	67.235.006

Skrifstofu og stjórnunarkostnaður

Laun og launatengd gjöld	238.729.638	226.125.171	232.388.482
Annar starfsmannakostnaður	4.000.000	3.967.810	2.500.000
Sími, internet, pappír, prentun og ritföng	5.450.000	5.157.055	6.055.428
Rekstrarkostnaður tölva og tækja	22.700.000	24.867.075	22.547.203
Aðkeypt sérfræðiaðstoð	14.922.000	37.150.328	14.000.000
Ráðstefnur og fundir innanlands/erlendis	7.000.000	9.223.468	9.000.000
Ársþing	7.000.000	7.087.521	4.500.000
Styrkir, framlög og gjafir	3.000.000	4.467.210	4.000.000
Kostnaður vegna Þjóðarleikvangs	0	0	7.000.000
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2.000.000	2.485.599	2.356.000
	304.801.638	320.531.237	304.347.113

Húsnæðiskostnaður

Tryggingar	850.000	940.337	800.000
Húsnæðiskostnaður	24.200.000	26.249.513	26.500.000
	25.050.000	27.189.850	27.300.000

Stjórn KSI

Umræður um fjárhagsáætlun:

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 7

Valgeir Sigurðsson (stjórn KSÍ og formaður mótanefndar KSÍ) hafði framsögu.

Tillaga til lagabreytinga

Lög KSÍ

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á grein 33 í lögum KSÍ.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **grænmerkt**.
Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

33. grein - Knattspyrnumót

33.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal ~~þátttakandi~~ **þáttökuliðum** skipt í ~~5~~ **7** deildir, efsta deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3. deild 12 liðum, ~~og~~ 4. deild **10 liðum**, ~~5. deild 16 liðum sem leika í tveimur riðlum og utandeild~~ skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í ~~fjórum~~ **sex** efstu deildunum.

33.2. Í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna skal ~~þátttakandi~~ **þáttökuliðum** skipt í 3 deildir, efsta deild skal skipuð 10 liðum, 1. deild 10 liðum og 2. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í tveimur efstu deildunum.

33.3. Stjórn KSÍ getur ákveðið að gefa deildum karla og kvenna nafn.

33.4. Í ~~öllum~~ landsdeildum karla og kvenna er leikin ~~að lágmarki~~ **tvöföld** umferð ~~og þar sem hvert lið leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman.~~ ~~Keppnin er stigakeppni.~~ **Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skal kveðið nánar á um fyrirkomulag móta, s.s. fjölda leikja í hverri deild, reglur um færslu liða á milli deilda og deildarmeistara. Breytingar á keppnisfyrirkomulagi skulu gerðar að höfðu samráði við þáttökulið þeirra deilda sem breytingin hefur áhrif á. Breytingar skulu kynntar aðildarfélögum KSÍ eigi síðar en 15. nóvember ár hvert fyrir komandi keppnistímabil. Endanlegar reglur um keppnisfyrirkomulag skulu vera staðfestar í reglugerð eigi síðar en 1. desember ár hvert fyrir komandi keppnistímabil.**

33.5. Öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og ~~leitast skal við að þau séu~~ **í samræmi við móta- og keppendareglur KSÍ**, svo og starfsreglur knattspyrnuráða, sem samþykktar hafa verið af viðkomandi héraðssambandi og staðfestar af KSÍ.

Ákvæði til bráðabirgða vegna 2022:

- 1. Þrátt fyrir ákvæði 33.1 skal þáttökuliðum í Íslandsmóti meistaraflokks karla keppnistímabilið 2022 skipt í 5 deildir, efsta deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3. deild 12 liðum og 4. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í fjórum efstu deildunum.*
- 2. Þrátt fyrir ákvæði 33.4 er stjórn KSÍ heimilt að breyta ákvæðum í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót um mótafyrirkomulag Íslandsmóts efstu deildar karla þannig að breytingarnar taki til fyrirkomulags efstu deildar keppnistímabilið 2022, og skulu slíkar breytingar staðfestar í reglugerð eigi síðar en 1. apríl 2022.*

Greinargerð

Breytingartillaga þessi er lögð fram af hálfu stjórnar KSÍ samhliða þingsályktunartillögum um breytingar á keppnisfyrirkomulagi í Íslandsmóti í meistaraflokkum karla og kvenna. Umræddar þingsályktunartillögur byggja á tillögum starfshópa sem stjórn KSÍ hefur skipað sl. ár sem höfðu það verkefni að rýna í fyrirkomulag viðkomandi deilda og eftir atvikum koma með tillögum að breyttu mótafyrirkomulagi.

Í desember 2019 skipaði stjórn KSÍ starfshóp sem hafði það hlutverk að leggja mat á þá kosti sem nefndir hafa verið um mögulegar útfærslur á breyttu keppnisfyrirkomulagi í efstu deild karla. Sá starfshópur hafði ekki mikinn tíma til umráða og skilaði af sér niðurstöðu í lok janúar 2020. Var það mat starfshópsins að umræðan innan hreyfingarinnar, hvort heldur væri á milli félaga eða innan einstakra félaga, væri of skammt á veg komin til þess að hægt hafi verið að ná fram niðurstöðu á þeim tímapunkti. Jafnframt kom fram í niðurstöðu þess hóps að horfa ætti til þess að breytt keppnisfyrirkomulag ætti að taka gildi 2022. Á ársþingi KSÍ í febrúar 2020 var ákveðið að skipaður yrði starfshópur til að fara ítarlega yfir málið og þá kosti sem reifaðir höfðu verið. Sá starfshópur sem skipaður var af stjórn í kjölfar ársþingsins skilaði frá sér skýrslu til stjórnar KSÍ þann 17. desember 2020.

Í samræmi við ályktun ársþings KSÍ 2021 skipaði stjórn KSÍ þrjá starfshópa um mót meistaraflokka; Fyrirkomulag á deildarkeppnum kvenna, um neðri deildir karla og um Lengjudeild karla. Verkefni hópanna var að rýna núverandi fyrirkomulag mótanna og kanna útfærslu á breyttu keppnisfyrirkomulagi. Markmiðið var að skoða þau tækifæri sem eru til framþróunar í hverri deild fyrir sig. Hóparnir skiluðu niðurstöðum í lok nóvember 2021 og voru niðurstöðurnar kynntar á fundi formanna og framkvæmdastjóra þann 29. nóvember 2021. Í framhaldinu stóðu hóparnir fyrir kynningarfundum sem voru opnir fulltrúum aðildarfélaga KSÍ.

Mótanefnd KSÍ lagði til við stjórn KSÍ að lagðar yrðu fram tillögur á ársþingi KSÍ 2022 sem miðuðu að því að breyta mótafyrirkomulagi í meistaraflokkum karla og kvenna, þ.e. í efstu deild karla, efstu deild kvenna, 1. deild karla og neðri deildum karla (4. deild), í samræmi við niðurstöðu framangreindra starfshópa og að þær breytingar tækju gildi keppnistímabilið 2023, að efstu deild karla undanskilinni þar sem lagt yrði til að breytingar tækju gildi keppnistímabilið 2022.

Í ljósi þess að í núgildandi lögum KSÍ er kveðið á um fyrirkomulag landsdeilda karla og kvenna, að þar skuli leikin tvöföld umferð og að hvert lið leiki tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman, sbr. gr. 33.3, en tillögur framangreindra starfshópa kveða á um annars konar fyrirkomulag móta, er lagabreyting nauðsynleg svo hægt sé að breyta fyrirkomulagi mótanna.

Með hliðsjón af framangreindu leggur stjórn KSÍ með tillögu þessari til breytingar á greinum 33.1 og 33.4 í lögum KSÍ auk smávægilegrar orðalagsbreytingar á grein 33.2.

Hvað varðar breytingu á grein 33.1 þá leggur stjórn KSÍ til að greininni verði breytt á þann veg að deildum í Íslandsmóti meistaraflokks karla fjölgi úr 5 í 7, að fjöldi liða í 4. deild karla verði 10 og að tvær deildir bætist við, þ.e. 5. deild sem skipuð skal 16 liðum sem leika í tveimur riðlum og utandeild sem skipuð skal þeim liðum, sem ekki eiga lið í sex efstu deildunum.

Tillaga þessi um breytingu á grein 33.1 tekur mið af áðurnefndri þingsályktunartillögu sem lögð verður fyrir ársþing KSÍ varðandi breytingu á fyrirkomulagi neðri deilda karla sem aftur byggir á niðurstöðu starfshóps neðri deilda. Nánari skýringar má finna í greinargerð með þingsályktunartillögunni en í stuttu

máli er lagt til að breyting verði gerð á 4. deild karla þannig að þar leiki 10 félög og að stofnaðar verði nýjar deildir, 5. deild þar sem leiki 16 lið í tveimur riðlum og utandeild þar sem leiki þau félög sem ekki eiga lið í efstu sex deildunum.

Hvað varðar breytingu á grein 33.4 þá liggur fyrir að lagðar verða fyrir ársþing KSÍ þingsályktunartillögur um breytingu á fyrirkomulagi t.a.m. í efstu deild karla og kvenna, þar sem ekki verður aðeins leikin tvöföld umferð, heima og heiman, heldur verði deildunum skipt upp í tvo hluta, þar sem í fyrra hluta verður leikin tvöföld umferð, heima og heiman, en í síðari hluta verði deildunum skipt upp í tvennt þar sem leikin verður ein umferð. Jafnframt verður lögð fyrir þingið tillaga um breytingu á fyrirkomulagi í 1. deild karla sem og neðri deildum karla, þar sem í einhverjum tilvikum er brugðið frá fyrra fyrirkomulagi um tvöfalda umferð. Nánari skýringar má finna í greinargerð með viðkomandi þingsályktunartillögum. Það er því ljóst að nauðsynlegt er að gera breytingar á grein 33.4, þar sem nú er kveðið á um að í öllum deildum skuli leikin tvöföld umferð.

Í ljósi framangreinds er lagt til af hálfu stjórnar að greininni verði breytt á þann veg að kveðið verði á um að leikin verði „að lágmarki“ tvöföld umferð í hverri deild og að nánar verði kveðið á um fyrirkomulag móta í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, s.s. fjölda leikja í hverri deild, reglur um færslu liða á milli deilda og deildarmeistara. Eftir breytingu verði þannig kveðið á um fjölda deilda og fjölda liða í deild í lögum KSÍ en um nánara mótafyrirkomulag hvernar deildar verði kveðið á um í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Telur stjórn KSÍ breytingu sem þessa nauðsynlega í ljósi þess að fyrirhugað er að mótafyrirkomulag verði með nokkuð misjöfnum hætti milli deilda og því sé það bæði skýrara og einfaldara að kveða á um mótafyrirkomulag deildanna í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, heldur en í lögum KSÍ.

Hvað varðar framtíðarbreytingar á mótafyrirkomulagi einstaka deilda er lagt til með breytingartillögu þessari að í lögum KSÍ, n.t.t. ákvæði 33.4, verði kveðið á um að breytingar skuli gerðar að höfðu samráði við þátttökulið þeirra deilda sem breytingin hefur áhrif á. Þannig kunni að vera, í einhverjum tilvikum, að ekki þurfi aðeins að hafa samráð vegna breytinga við þátttökulið viðkomandi deildar heldur jafnframt önnur félög sem breytingin hefur áhrif á.

Þó er ráð fyrir því gert í breytingartillögunni að ef gera á breytingar á mótafyrirkomulagi þá verði allar slíkar breytingar kynntar öllum aðildarfélögum KSÍ eigi síðar en 15. nóvember hvert ár fyrir komandi keppnistímabil. Er þannig öllum aðildarfélögum KSÍ gefinn kostur á að kynna sér og eftir atvikum tjá sig um mögulegar breytingar áður en þær skulu staðfestar í reglugerð, sem samkvæmt tillögunni væri eigi síðar en 1. desember ár hvert fyrir komandi keppnistímabil. Er það mat stjórnar KSÍ að með því að fara þessa leið þá sé aðildarfélögum KSÍ, með liðsinni stjórnar KSÍ og annarra viðkomandi aðila innan KSÍ, gert kleift að vinna breytingar hraðar, strax að hausti ár hvert og að mótafyrirkomulag liggja fyrir eigi síðar en 1. desember ár hvert. Þannig þurfi aðildarfélög ekki að bíða eftir ársþingi KSÍ, sem alla jafna er haldið í lok febrúar ár hvert, eftir því að staðfest keppnisfyrirkomulag næsta keppnistímabils liggja fyrir, eða eftir atvikum því að breytingin taki gildi keppnistímabilið þar á eftir. Lítur stjórn KSÍ svo á að það sé hagur aðildarfélaga sambandsins að hægt sé að bregðast við vilja félaganna og að félögin vita hvert fyrirkomulag næsta keppnistímabils verður eins fljótt og auðið er.

Með breytingartillögunni leggur stjórn KSÍ einnig til að fest verði í lög KSÍ tvö bráðabirgðaákvæði sem tengjast þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á keppnisfyrirkomulagi viðkomandi deilda.

Í ljósi þess að lagt er til að keppnisfyrirkomulagi í efstu deild kvenna, 1. deild karla og neðri deildum karla verði ekki breytt fyrr en keppnistímabilið 2023 leggur stjórn KSÍ til bráðabirgðaákvæði vegna keppnistímabilsins 2022. Umrætt ákvæði inniheldur sama efni og grein 33.1 gerir í dag, fyrir breytingu, þ.e. að keppnistímabilið 2022 verði leikið í 5 deildum, að efsta deild skuli skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3. deild 12 liðum og 4. deild skuli skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í fjórum efstu deildunum.

Þá, þar sem lagt er til í þingsályktunartillögu varðandi breytingar á keppnisfyrirkomulagi í efstu deild karla, að breytingarnar taki gildi strax keppnistímabilið 2022, leggur stjórn til annað bráðabirgðaákvæði þar sem tekið er mið af því. Í því bráðabirgðaákvæði er að finna heimild til þess að breyta ákvæðum í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót um fyrirkomulag efstu deildar karla, strax að loknu ársþingi.

Stjórn KSÍ

Umræður um þingskjal 7:

Sigurður Sigurðsson (Árborg) tók til máls og lagði fram breytingatillögu.

Þingskjal 7b:

Lagt er til að breytingar á þingskjali 7 varðandi 4. deild karla, 5. deild karla og utandeild taki gildi strax, þ.e. fyrir keppnistímabilið 2022.

Sigurður Sigurðsson, Árborg

Valgeir (KSÍ) tók til máls. Hann sagði á margan hátt skilja tilgang Sigurðar. Valgeir benti á að það væri ákveðið flækjustig að velja inn í þær deildir sem 4. deildin skiptist upp í. Einnig benti hann á að búið væri að samþykkja fjárhagsáætlun.

Oscar Clausen (Leiknir R.) tók til máls. Hann varpaði fram þeirri spurningu hvort það væri hlutverk KSÍ að halda úti utandeild og bað þingheim um að íhuga það.

Valgeir (KSÍ) tók aftur til máls. Hann talaði um að í raun væri ekki um eiginlega utandeild að ræða. Fyrirkomulagið væri á þann veg að lið féllu niður í þessa deild og lið ynnu sig sömuleiðis upp úr henni. Utandeildin væri því í raun hluti af kerfinu. Munurinn væri að þjónusta þeirrar deildar væri ekki sú sama og í öðrum deildum.

Tillaga á þingskjali 7b var felld með meirihluta atkvæða.

Tillaga á þingskjali 7 var samþykkt með þorra atkvæða.

Þingskjal 8

Valgeir Sigurðsson (stjórn KSÍ og formaður mótanefndar KSÍ) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar
– Fyrirkomulag efstu deildar karla –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2022 samþykki að stjórn KSÍ verði falið að gera breytingar á ákvæðum um mótafyrirkomulag í efstu deild karla í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót á þann veg að mótafyrirkomulag deildarinnar verði með eftirfarandi hætti:

Í efstu deild karla verði leikið í tveimur hlutum. Í fyrri hluta verði leikin tvöföld umferð þar sem hvert lið leikur tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Í síðari hluta verði annars vegar leikin einföld umferð á milli þeirra sex liða sem sitja í sex efstu sætum deildarinnar að fyrri hluta loknum og hins vegar skal leikin einföld umferð á milli þeirra sex liða sem sitja í sex neðstu sætum deildarinnar að fyrri hluta loknum. Þau stig sem lið hafa unnið sér inn að loknum fyrri hluta færast með inn í síðari hluta.

Lagt er til að töfluröð síðari hluta verði eftirfarandi:

Efri hluti:

1. umferð	1-6	3-5	2-4
2. umferð	6-2	3-1	5-4
3. umferð	1-5	2-3	4-6
4. umferð	4-1	2-5	6-3
5. umferð	1-2	3-4	5-6

Neðri hluti:

1. umferð	7-12	9-11	8-10
2. umferð	12-8	9-7	11-10
3. umferð	7-11	8-9	10-12
4. umferð	10-7	8-11	12-9
5. umferð	7-8	9-10	11-12

Lagt er til að ákvæði um nýtt fyrirkomulag verði samþykkt í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eigi síðar en 1. apríl 2022 og taki gildi fyrir keppnistímabilið 2022.

Greinargerð

Í desember 2019 skipaði stjórn KSÍ starfshóp sem átti að leggja mat á þá kosti sem nefndir hafa verið um mögulegar útfærslur á breyttu keppnisfyrirkomulagi í Pepsi Max deild karla. Sá starfshópur hafði ekki mikinn tíma til umráða og skilaði af sér niðurstöðu í lok janúar 2020. Var það mat starfshópsins að umræðan innan hreyfingarinnar, hvort heldur væri á milli félaga eða innan einstakra félaga, væri of skammt á veg komin til þess að hægt hafi verið að ná fram niðurstöðu á þeim tímamarki. Jafnframt kom fram í niðurstöðu þess hóps að horfa ætti til þess að breytt keppnisfyrirkomulag ætti að taka gildi

2022. Á ársþingi KSÍ í febrúar 2020 kom fram tillaga frá ÍA um fjölgun liða í Pepsi Max deild karla. Sú tillaga hafði ekki fengið mikla umfjöllun innan hreyfingarinnar í aðdraganda þingsins. Niðurstaðan var sú að þingið samþykkti að skipaður yrði starfshópur til að fara ítarlega yfir málið og þá kosti sem reifaðir höfðu verið.

Starfshópurinn skilaði frá sér ítarlegri skýrslu til stjórnar KSÍ þann 17. desember 2020 og má lesa skýrsluna í heild sinni hér: [Skýrsla starfshóps 2020 - Um fjölgun leika í Pepsi karla.pdf \(ksi.is\)](#) - [Skýrsla starfshóps 2020 - Um fjölgun leika í Pepsi karla.pdf \(ksi.is\)](#)

Í niðurstöðukafla skýrslu starfshópsins kemur fram: Tólf liða deild, þar sem leikið er heima og að heiman líkt og nú er, skipta síðan deildinni í tvo hluta og leika til úrslita, er að mati hópsins sú aðferð sem samræmist best þeim markmiðum sem hópurinn setti sér. Úrslitakeppni mótsins eykurspennu og gæði leikjanna, mikil keppni getur skapast um að ná 6. sæti deildarinnar í fyrri hluta mótsins. Þetta form með hæfilegri fjölgun leikja, er eitthvað nýtt sem gefur ýmis markaðsleg tækifæri m.a. í sölu markaðsréttinda. Líklegt er að aðsókn á leiki aukist, sérstaklega í úrslitakeppninni. Þessi aðferð er að mati hópsins best til þess fallin að auka tekjur félaganna. Breytingin hefði ekki áhrif á aðrar deildir og fjölda liða í Pepsi Max deild karla. Fjöldi landa notar svipað mótafyrirkomulag í sínum löndum.

Að teknu tilliti til ofangreindra þátta þá leggur stjórn KSÍ til að frá og með keppnistímabilinu 2022 verði keppnisfyrirkomulagi Pepsi Max deildar karla breytt og leikið með 12 liðum sem byrja á því að leika tvöfalda umferð (heima og að heiman). Að því loknu verði mótinu skipt upp í efri og neðri hluta. Sex félög í hvorum hluta sem leika einfalda umferð, þ.e. 5 leiki pr. lið. Í úrslitakeppni efri hlutans er leikið um Íslandsmeistaratitilinn og sæti í Evrópukeppnum félagsliða. Í úrslitakeppni neðri hlutans er leikið með sambærilegum hætti um að forðast fall. Félögin taka með sér stigin úr fyrri hluta mótsins. Röð liða í fyrri hluta mótsins ræður því hvaða félög fá fleiri heimaleiki í úrslitakeppni mótsins. Þannig myndu lið nr. 1,2,3 og 7,8,9 fá þrjá heimaleiki en hin liðin tvo heimaleiki. Nánari útlistun á fyrirkomulagi í úrslitakeppni yrði komið fyrir í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót af stjórn KSÍ.

Stjórn KSÍ

Umræður um þingskjal 8:

Enginn bað um orðið.

Tillaga á þingskjali 8 var samþykkt með þorra atkvæða.

Þingskjal 9

Sigfús Ásgeir Kárasón (stjórn KSÍ og formaður laga- og leikreglanefndar KSÍ) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar
– Fyrirkomulag efstu deildar kvenna –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2022 samþykki að stjórn KSÍ verði falið að gera breytingar á ákvæðum um mótafyrirkomulag í efstu deild kvenna í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót á þann veg að mótafyrirkomulag deildarinnar verði með eftirfarandi hætti:

Í efstu deild kvenna verði leikið í tveimur hlutum. Í fyrri hluta verði leikin tvöföld umferð þar sem hvert lið leikur tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Í síðari hluta verði annars vegar leikin einföld umferð á milli þeirra sex liða sem sitja í sex efstu sætum deildarinnar að fyrri hluta loknum og hins vegar skal leikin einföld umferð á milli þeirra fjögurra liða sem sitja í fjórum neðstu sætum deildarinnar að fyrri hluta loknum. Þau stig sem lið hafa unnið sér inn að loknum fyrri hluta færast með inn í síðari hluta.

Lagt er til að töfluröð síðari hluta verði eftirfarandi:

Efri hluti:

1. umferð	1-6	3-5	2-4
2. umferð	6-2	3-1	5-4
3. umferð	1-5	2-3	4-6
4. umferð	4-1	2-5	6-3
5. umferð	1-2	3-4	5-6

Neðri hluti:

1. umferð	8-10	7-9
2. umferð	8-9	10-7
3. umferð	7-8	9-10

Lagt er til að ákvæði um nýtt fyrirkomulag verði samþykkt í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eigi síðar en 1. desember 2022 og taki gildi fyrir keppnistímabilið 2023.

Greinargerð

Í samræmi við ályktun ársþings KSÍ 2021 skipaði stjórn KSÍ þrjá starfshópa um mót meistaraflokka; Fyrirkomulag á deildarkeppnum kvenna, um neðri deildir karla og um Lengjudeild karla. Verkefni hópanna var að rýna núverandi fyrirkomulag mótanna og kanna útfærslu á breyttu keppnisfyrirkomulagi. Markmiðið var að skoða þau tækifæri sem eru til frampróunar í hverri deild fyrir sig.

Hóparnir skiluðu niðurstöðum í lok nóvember og voru niðurstöðurnar kynntar á fundi formanna og framkvæmdastjóra þann 29. nóvember sl. Í framhaldinu stóðu hóparnir fyrir kynningarfundum sem voru opnir fulltrúum aðildarfélaganna KSÍ.

Mótanefnd KSÍ lagði til við stjórn KSÍ að lögð yrði fram tillaga á ársþingi KSÍ 2022 að mótafyrirkomulagi efstu deildar kvenna yrði breytt í samræmi við niðurstöðu starfshóps og að þær breytingar tækju gildi keppnistímabilið 2023.

Úr minnisblaði mótanefndar KSÍ um tillögur starfshópa:

Að lokinni hefðbundinni tvöfaldri umferð í mótinu muni lokakafli mótsins fara fram í tvískiptri deild, efri og neðri hluta. Í efri hluta leiki 6-lið en í neðri hluta 4-lið. Leikin verði einföld umferð og félögin taka með sér stiginn inn í lokahluta mótsins.

Markmiðið starfshópsins var að fjölga leikjum og búa til fleiri jafningaleiki. Alls fjölga leikjum í deildinni um 21 eða 23% frá því sem nú er.

Úr skýrslu starfshóps um deildakeppni kvenna.

Að teknu tilliti til þeirra markmiða sem starfshópnum voru sett út frá þingskjali 14, leggur hópurinn til að gerðar verði breytingar á efstu deild kvenna frá og með keppnistímabilinu 2023 og verði fyrirkomulagi deildarinnar með þeim hætti að leikin verði tvöföld umferð (heima og heiman) í 10 liða deild. Að þeim hluta loknum væri mótinu skipt í efri hluta (6 lið) og neðri hluta (4 lið) og spiluð verði einföld umferð. Í úrslitakeppni munu 6 efri liðin leika um Íslandsmeistaratitil og Evrópusæti. Keppni í neðri hluta yrði spiluð upp á að forða sér frá falli.

Stjórn KSÍ

Umræður um þingskjal 9:

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Tillaga á þingskjali 9 var samþykkt með meirihluta atkvæða.

Þingskjal 10

Sigfús Ásgeir Kárasón (stjórn KSÍ og formaður laga- og leikreglnanefndar KSÍ) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar
– Fyrirkomulag 1. deildar karla –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2022 samþykki að stjórn KSÍ verði falið að gera breytingar á ákvæðum um mótafyrirkomulag í 1. deild karla í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót á þann veg að mótafyrirkomulag deildarinnar verði með eftirfarandi hætti:

Í 1. deild karla verði leikin tvöföld umferð og leiki hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Að lokinn hefðbundinni tvöfaldri umferð í mótinu verði tekið upp umspil milli liðanna sem lenda í 2. – 5. um laust sæti í efstu deild karla. Leikið verði heima og að heiman þar sem liðin í 2. sæti og 5. sæti annars vegar og liðin í 3. sæti og 4. sæti hins vegar mætast í undanúrslitum en úrslitaleikurinn verði á hlutlausum velli.

Lagt er til að töfluröð undanúrslita verði eftirfarandi:

5-2	4-3
2-5	3-4

Lagt er til að ákvæði um nýtt mótafyrirkomulag verði samþykkt í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eigi síðar en 1. desember 2022 og taki gildi fyrir keppnistímabilið 2023.

Greinargerð

Í samræmi við ályktun ársþings KSÍ 2021 skipaði stjórn KSÍ þrjá starfshópa um mót meistaraflokka; Fyrirkomulag á deildarkeppnum kvenna, um neðri deildir karla og um Lengjudeild karla. Verkefni hópanna var að rýna núverandi fyrirkomulag mótanna og kanna útfærslu á breyttu keppnisfyrirkomulagi. Markmiðið var að skoða þau tækifæri sem eru til frampróunar í hverri deild fyrir sig.

Hóparnir skiluðu niðurstöðum í lok nóvember og voru niðurstöðurnar kynntar á fundi formanna og framkvæmdastjóra þann 29. nóvember sl. Í framhaldinu stóðu hóparnir fyrir kynningarfundum sem voru opnir fulltrúum aðildarfélaganna KSÍ.

Mótanefnd KSÍ lagði til við stjórn KSÍ að lögð yrði fram tillaga á ársþingi KSÍ 2022 að mótafyrirkomulagi 1. deildar karla yrði breytt í samræmi við niðurstöðu starfshóps og að þær breytingar tækju gildi keppnistímabilið 2023.

Úr minnisblaði mótanefndar KSÍ um tillögur starfshópa:

Að lokinni hefðbundinni tvöfaldri umferð í mótinu verði tekið upp umspil milli liðanna nr. 2 –5 um laust sæti í Efstu deild karla. Leikið verði heima og að heiman í undanúrslitum en úrslitaleikurinn verði á hlutlausum velli. Alls fjölgar leikjum í deildinni um 5 eða 4% frá því sem nú er.

Í skýrslu starfshópsins segir m.a.: „Leikirnir í umspilinu ættu að draga að mikla athygli, sem skilar fleira fólki á völlinn og meiri umfjöllun í fjölmiðlum. Lengjudeildin verður fyrir vikið betri söluvara“

Úr skýrslu starfshóps um fyrirkomulag Lengjudeildar karla:

Að mati starfshópsins þá eru þetta kostir keppnisfyrirkomulagsins:

- *Einföld framkvæmd þar sem fyrir eru 12 lið í deildinni.*
- *Einungis fimm auka leikir fyrir deildina, ætti að vera hægt að koma þeim fyrir í lok hefðbundins tímabils þó vissulega séu þar áskoranir eins og leikir í efstu deild karla sem og landsleikjahlé.*
- *Einfalt að breyta til baka í fyrra fyrirkomulag í lok tímabils ef vilji er fyrir því.*
- *Býr til fleiri leiki þar sem mikið er í húfi.*
 - *þar sem 5. sætið fer í umspil þá eru góðar líkur á að öll félög hafi að einhverju að keppa fram í lokaumferðir (umspil eða forðast fall).*
 - *Enn mikilvægara að enda í 1. sæti og sleppa þannig við umspilið.*
 - *Leikirnir í umspilinu ættu að draga að mikla athygli, sem skilar fleira fólki á völlinn og meiri umfjöllun í fjölmiðlum. Lengjudeildin verður fyrir vikið betri söluvara.*

Helsti galli keppnisfyrirkomulagsins að mati starfshópsins er að einungis fjögur lið fá fleiri leiki og einnig ef mögulega þyrfti að þetta mótið til að koma umspilinu fyrir fyrir sem myndi þá þýða aðeins styttra tímabil fyrir önnur lið.

Stjórn KSI

Umræður um þingskjal 10:

Enginn bað um orðið.

Tillaga á þingskjali 10 var samþykkt með meirihluta atkvæða.

Þingskjal 11

Valgeir Sigurðsson (stjórn KSÍ og formaður mótanefndar KSÍ) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar – Fyrirkomulag í neðri deildum karla –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2022 samþykki að stjórn KSÍ verði falið að gera breytingar á ákvæðum um mótafyrirkomulag í neðri deildum karla í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þannig að stofnuð verði ný 4. deild með 10 liðum, ný 5. deild með 16 liðum og ný Utandeild KSÍ.

4. deild:

Í 4. deild karla verði leikin tvöföld umferð þar sem hvert lið leikur tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman.

Tvö neðstu liðin í 4. deild færast næsta leikár niður í 5. deild og tvö efstu liðin í 4. deild færast næsta leikár upp í 3. deild

4. deild karla 2023 yrði skipuð eftirfarandi liðum:

- *Félagin tvö sem falla úr 3. deild karla 2022.*
- *Öll þau félag sem lenda í 1. og 2. sæti í riðlakeppni 4. deildar 2022, að frádregnum félögum tveimur sem flytjast í 3. deild 2023.*

5. deild:

Í 5. deild karla verði leikið í tveimur 8 liða riðlum þar sem leikin verði tvöföld umferð þar sem hvert lið leikur tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Stjórn KSÍ, eftir tillögu frá mótanefnd KSÍ, skiptir félögum í riðla. Að lokinn hefðbundinni tvöfaldri umferð í hvorum riðli verði leikin úrslitakeppni tveggja efstu liða í hvorum riðli. Þar mætast:

Undanúrslit – Fyrri leikur: A2 – B1 B2 – A1

Undanúrslit – Seinni leikur: B1 – A2 A1 – B2

Sigurvegarnir í undanúrslitum leika til úrslita og tapliðin í undanúrslitum leika um 3. sætið. Leikið er til þrautar. Mótanefnd KSÍ ákveður leikstaði.

Þau tvö lið sem sigra undanúrslitaviðureign sína leika til úrslita um Íslandsmeistaratið 5. deildar og færast næsta leikár í 4. deild karla. Neðsta liðið í hvorum riðli 5. deildar færast næsta leikár niður í Utandeild KSÍ.

5. deild karla 2023 yrði skipuð eftirfarandi liðum:

- *Öll þau félag sem lenda í 3. sæti í A, B, C, D og E riðli 4. deildar 2022 (5 félag).*
- *Öll þau félag sem lenda í sætum 4, 5 og 6 í A, B og C riðlum 4. deildar 2022 (9 félag).*
- *Sigurvegarnir úr:*
 - *Umspili þeirra félaga sem lenda í 4. sæti D riðils og 5. sæti E riðils 4. deildar 2022.*
 - *Umspili þeirra félaga sem lenda í 4. sæti E riðils og 5. sæti D riðils 4. deildar 2022.*
 - *Leiknir yrðu tveir leikir, heima og heiman. Þar mætast*

Fyrri leikur: E5 – D4 D5 – E4
Seinni leikur: D4 – E5 E4 – D5

Utandeild:

Í Utandeild KSÍ leika þau félög sem ekki komast í Íslandsmót KSÍ. Lagt er til að stjórn KSÍ ákveði keppnisfyrirkomulag í Utandeild KSÍ ár hvert þegar þátttaka liggur fyrir. Tvö efstu liðin í Utandeild KSÍ færast næsta leikár upp í 5. deild.

Lagt er til að ákvæði um nýtt mótafyrirkomulag verði samþykkt í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eigi síðar en 1. desember 2022 og taki gildi keppnistímabilið 2023.

Greinargerð

Í samræmi við ályktun ársþings KSÍ 2021 skipaði stjórn KSÍ þrjá starfshópa um mót meistaraflokka; Fyrirkomulag á deildarkeppnum kvenna, um neðri deildir karla og um Lengjudeild karla. Verkefni hópanna var að rýna núverandi fyrirkomulag mótanna og kanna útfærslu á breyttu keppnisfyrirkomulagi. Markmiðið var að skoða þau tækifæri sem eru til frampróunar í hverri deild fyrir sig.

Hóparnir skiluðu niðurstöðum í lok nóvember og voru niðurstöðurnar kynntar á fundi formanna og framkvæmdastjóra þann 29. nóvember sl. . Í framhaldinu stóðu hóparnir fyrir kynningarfundum sem voru opnir fulltrúum aðildarfélaga KSÍ.

Mótanefnd KSÍ lagði til við stjórn KSÍ að lögð yrði fram tillaga á ársþingi KSÍ 2022 að mótafyrirkomulagi 4. deildar karla yrði breytt í samræmi við niðurstöðu starfshóps og að þær breytingar tækju gildi keppnistímabilið 2023.

Úr minnisblaði mótanefndar KSÍ um tillögur starfshópa:

Flestar ábendingar til hópsins sneru að fyrirkomulagi á keppni í 4. deild. Samhljómur var meðal þeirra félaga sem skiluðu inn skriflegum athugasemdum til nefndarinnar, að nauðsynlegt væri að gera úrbætur á 4. deild karla til að auka gæði leikjanna og minnka þann

getumun sem er innan deildarinnar. Tillögurnar báru allar með sér að mikilvægt væri að breyta fyrirkomulaginu þannig að styrkleikaflokkun myndi eiga sér stað innan deildarinnar.

Voru tillögur allt frá því að skipta 4. deild upp í tvo riðla yfir í að búa til fjórar deildir úr 4. deild, m.a. að búa til sér utandeildarkeppni. Í 4. deild karla 2021 tóku þátt 34 lið (1 lið hætti 29. júní). Þetta er svipaður fjöldi og tekur þátt í þremur efstu deildum karla. Ljóst að þessi fjöldi liða í sömu deild skapar mikinn getumun innan deildarinnar.

Úr skýrslu starfshóps um neðri deildir karla:

Niðurstaða starfshópsins er að nauðsynlegt sé að getuskipta keppni á neðsta getustiginu. Það er mat hópsins að það verði best gert með því að stofna nýja 4. deild með 10 liðum, nýja 5. deild með 16 liðum (tveir riðlar). Svo leiki önnur aðildarfélög KSÍ í Utandeild KSÍ. Þannig væri búið að festa Íslandsmót meistaraflokks karla við 74 félög og öðrum félögum gæfist kostur á að leika í Utandeild KSÍ. Starfshópurinn leggur því fram eftirfarandi tillögu:

4. deild karla	10 lið Tvöföld umferð
5. deild karla	Tveir 8 liða riðlar + Úrslitakeppni 4 liða (tvö efstu í hvorum riðli) Neðsta liðið í hvorum riðli fellur í Utandeildina að ári.
Utandeild KSÍ	Leika þau félög sem ekki komast í Íslandsmót KSÍ. Keppnisfyrirkomulag ákveðið þegar þátttaka liggur fyrir. Tvö efstu lið Utandeildarinnar öðlast keppnisrétt í 5. deild karla

Með þessu breytta fyrirkomulagi næst að mæta þeim sjónarmiðum sem komu frá félögunum um að minnka getubilið milli liðanna sem leika á neðsta getustiginu. Íslandsmót meistaraflokka verður þá í föstu formi, en Utandeildin breytileg milli ára.

Fjöldi leikja og liða í nýja fyrirkomulaginu

2021 fóru fram 261 leikir í 4. deild karla. Í þessari tillögu eru 204 leikir samtals í 4. og 5. deild. Miða við að KSÍ leggi einungis til einn dómara í Utandeildina en ekki aðstoðardómara, þá ætti þetta fyrirkomulag ekki að vera íþyngjandi fyrir dómaranefnd KSÍ við mönnun dómgæslunnar eða valda auknum kostnaði. Miða við þátttöku liða 2021 má leiða líkum að því að 6 – 8 lið tækju þátt í Utandeildinni til að byrja með.

Stjórn KSÍ

Umræður um þingskjal 11:

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Tillaga á þingskjali 11 var samþykkt með meginþorra atkvæða.

Þingskjal 12

Valgeir Sigurðsson (stjórn KSÍ og formaður mótanefndar KSÍ) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar – Bikarkeppni neðri deilda karla –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2022 samþykki að stjórn KSÍ verði falið að koma á fót bikarkeppni neðri deilda karla þar sem þátttökurétt eiga þau lið sem leika í 2. og 3. deild, liðin tvö sem féllu úr 3. deild árið áður auk liða sem enduðu í 3. til 8. sæti 4. deildar árið áður.

Lagt er til að ákvæði um nýja bikarkeppni neðri deilda karla verði samþykkt í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eigi síðar en 1. desember 2022 og taki gildi keppnistímabilið 2023.

Greinargerð

Í samræmi við ályktun ársþings KSÍ 2021 skipaði stjórn KSÍ þrjú starfshópa um mót meistaraflokka; Fyrirkomulag á deildarkeppnum kvenna, um neðri deildir karla og um Lengjudeild karla. Verkefni hópanna var að rýna núverandi fyrirkomulag mótanna og kanna útfærslu á breyttu keppnisfyrirkomulagi. Markmiðið var að skoða þau tækifæri sem eru til frampróunar í hverri deild fyrir sig.

Hóparnir skiluðu niðurstöðum í lok nóvember og voru niðurstöðurnar kynntar á fundi formanna og framkvæmdastjóra þann 29. nóvember sl. Í framhaldinu stóðu hóparnir fyrir kynningarfundum sem voru öpnir fulltrúum aðildarfélaga KSÍ.

Starfshópur KSÍ um neðri deildir karla lagði til að sett yrði á fót ný bikarkeppni neðri deilda karla. Mótanefnd KSÍ lagði til við stjórn KSÍ að sú tillaga yrði lögð fyrir ársþingi KSÍ 2022.

Úr minnisblaði mótanefndar KSÍ um tillögur starfshópa:

Það er mat starfshópsins að sér bikarkeppni liða í neðri deildum gæti verið skemmtileg viðbót við mótahaldið. Keppnin hæfist með 32-liða úrslitum, með þátttöku liða úr 2. og 3. deild ásamt 8 liðum úr 4. deild.

Úr skýrslu starfshóps KSÍ um neðri deildir

Hugmynd um að setja í gang sér bikarkeppni fyrir félög í neðri deildum hefur nokkrum sinnum komið fram á undanförunum árum, m.a. kom erindi frá 9 félögum árið 2020 þar sem skorað var á KSÍ að taka upp slíka keppni.

Í samtölum við félögin kom fram að mörg félög horfðu jákvæðum augum til þessa móts. Nokkur félög (einkum á landsbyggðinni) höfðu uppi efasemdir um að bæta við þessu móti og töldu þetta einungis auka á ferðakostnaðinn sem væri nægur fyrir.

Áskoranirnar eru ýmsar þegar kemur að því að bæta við móti sem þessu, m.a.;

- *Leikdagar m.t.t. ferðalaga milli landshluta og árekstrar við lok mismunandi móta.*

- Keppnisfyrirkomulag
- Dómarakostnaður og hvort til séu dómara*r* í verkið.
- Reglugerð, hvort sé skiptur ferðakostnaður, agamál ofl.
- Sala markaðsréttar

Það er mat starfshópsins að þetta mót gæti verið skemmtileg viðbót við okkar mótahald og að stefna eigi að því að leggja fram tillögur á næsta ársþingi um málið sem miði að því að hefja slíka keppni árið 2023. Næsta ár verði svo notað til að smíða regluverkið, selja markaðsréttindin og fjármagna mótið. Til að fækka leikjum og jafnframt að huga að kostnaðarþætti mótsins, þá leggur starfshópurinn til að engin forkeppni verði í mótinu og að í 32-liða úrslit komist þau lið sem leika í 2. og 3. deild, liðin tvö sem féllu árið áður úr 3. deild ásamt liðum númer þrjú til átta í 4. deild árið áður.

Hópurinn sér fyrir sér að 32-liða úrslit verði um miðjan júní, 16-liða um miðjan júlí, 8-liða í byrjun ágúst. Undanúrslit og úrslitaleikur mótsins verði svo eftir að keppni er lokið í viðkomandi deildum.

Stjórn KSI

Umræður um þingskjal 12:

Enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Tillaga á þingskjali 12 var samþykkt með meginþorra atkvæða.

Þingskjal 13

Þingforseti bar upp við þingheim að Hákon Sverrisson (Breiðablik) fengi að ávarpa þingheim og var það samþykkt.

Hákon Sverrisson hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

– Varalið í keppni meistaraflokks kvenna –

Tillaga að breytingu á grein 29 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2022 samþykki breytingar á grein 29 (*meistaraflokkur kvenna*) í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með eftirfarandi hætti:

Lagt er til að félögum verði heimilt að skrá til leiks varalið í meistaraflokki kvenna sem hefur þátttökurétt í deildakeppni Íslandsmóts.

Hlutgengi með varaliði hafi allir leikmenn sem eru skráðir í félagið nema þeir 11 leikmenn sem hafa leikið flesta leiki með aðalliði á sama leiktímabili og þeir leikmenn sem byrjuðu og/eða tóku þátt í fyrri hálfleik síðasta leik aðalliðs á undan.

Varalið getur ekki unnið sér sæti í efstu deild. Varalið getur fallið um deild. Varalið og aðallið félags geta ekki leikið í sömu deild.

Greinargerð

Sumarið 2021 léku fimm varalið/aukalið í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna, í 1. og 2. deild. Ljóst er að áhuginn á að veita ungum leikmönnum verðug verkefni er til staðar hjá fleiri félögum. Markmiðið með þessari breytingu sem lagt er til að verði gerð á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er tvíþætt:

1. Að gera félögum sem tefla fram varaliði/aukaliði kleift að gefa efnilegum leikmönnum innan síns félags tækifæri með aðalliði án þess að tilfærslur á milli liða hamli því. Enn fremur geti leikmenn sem spili fáar mínútur með aðalliði fengið nauðsynlegan spiltíma í næsta liði fyrir neðan í stað þess að spila ekki neitt. Með þessu skapist þær aðstæður að leikmenn geta fengið tækifæri með aðalliðinu í réttri goggunarröð hvenær sem er ársins.
2. Lið sem leika í Evrópukeppni eru bundin af því að nota þann leikmannahóp sem gefinn er upp til UEFA hverju sinni. Í núverandi mynd geta félög ekki nýtt leikmenn úr næsta styrkleikaflokki ef svo ber við heldur þurfa að ganga framhjá leikmönnum sem hugsanlega eiga skilið að fá kallið þegar það kemur þar sem þeir eru ekki skráðir í viðkomandi félag. Aðstæður sem þessar sköpuðust hjá Breiðablik í tengslum við riðlakeppni Meistaradeildarinnar haustið 2021 og viðbúið er að Valur geti lent í sömu aðstæðum á næsta tímabili.

Kostir tillögunnar eru tvímælalaust að fleiri krefjandi verkefni fyrir leikmenn gefa einfaldlega af sér fleiri og betri leikmenn.

Leikmenn í aðalliði meistaraflokks sem komast ekki í byrjunarlið fá tækifæri til að spila með varaliði og geta þar með sýnt betur hvað í þeim býr í von um að öðlast sæti í byrjunarliði aðalliðs. Efnilegir leikmenn sem spila nú með varaliði/aukaliði hafa þá áþreifanlegri möguleika á að vinna sér sæti í aðalliði félags.

Með vísan í nefndarstörf KSÍ um úrbætur á fyrirkomulagi deildarkeppni í meistaraflokki kvenna er lagt til að þessi breyting taki gildi strax fyrir Íslandsmótið 2022 til reynslu. Fyrirkomulagið yrði eins og fram kemur

í texta tillögunnar en það er jafnframt nú þegar fyrirkomulagið í yngri flokkum, sbr. reglugerð KSÍ um knattspyrnumót (grein 7.5.2.).

Fyrirmynd

Svipað fyrirkomulag er í mörgum Evrópulöndum, þar á meðal Danmörku, Þýskalandi og Spáni. Ef Ísland ætlar sér að eiga leikmenn og landslið sem standast þeim bestu snúning í framtíðinni er mikilvægt að hlúa vel að ungum leikmönnum og gefa þeim sem flest verkefni við hæfi.

Breiðablik, FH og Valur

Umræður um þingskjal 13:

Halldór Jón Garðarsson (Haukar) tók til máls. Hann sagði að Haukum lítist vel á þessa tillögu en vildi þó leggja fram breytingatillögu. Ástæðan fyrir breytingatillögunni væru sú að félagið hafi áhyggjur af því að stærstu félögin gætu með þessu sankað að sér efnilegum leikmönnum úr öðrum félögum. Hins vegar sé það ljóst að stelpum á 2. flokks aldri skortir meira krefjandi verkefni.

Þingskjal 13b:

Varalið félaga geta aðeins hæst spilað í þriðju efstu deild, þ.e. C deild, og að tillagan gildi til næstu tveggja keppnistímabila og taki gildi nú í sumar.

Halldór Jón Garðarsson, Knattspyrnudeild Hauka.

Katla Guðjónsdóttir (Víkingur R.) tók til máls. Hún sagðist eindregið mótfallin þessari tillögu. Hún sagði að hægt væri að útvega leikmönnum í 2. flokki meira krefjandi verkefni með svokölluðum venslaliðum og sagði að það væri ekki þörf á þessari breytingu. Katla taldi félögin ekki vera tilbúin í þetta fyrirkomulag og sagðist reiðubúin að sitja í starfshóp sem kæmi að frekari útfærslu.

Flosi Eiríksson (Breiðablik) tók til máls. Flosi sagði að það væri orðið tímabært að taka ákvörðun í þessu máli. Hann sagði að þetta mál snerist um leikmenn en ekki einstaka félag. Venslalið hafi að mörgu leyti reynst vel en sé þó gallað kerfi vegna félagaskipta. Flosi sagði það af og frá að Breiðablik hafi þann tilgang í huga að sópa til sín efnilegustu leikmenn annarra liða.

Sigrún Óttarsdóttir (Augnablik) tók til máls. Sigrún sagði að þessi tillaga væri henni hugleikinn. Félag þekki það vel að erfitt geti reynst að halda 2. flokki kvenna gangandi. En að þau þyrftu að geta boðið sínum leikmönnum vettvang til að spila með sínu félagliði þegar 2. flokki lýkur. Varalið væri tilvalið fyrir þessar stelpur og væri einnig tækifæri fyrir stelpur í 2. og 3. flokki til að spila meistaraflokks bolta. Varalið getur jafnframt verið vettvangur fyrir eldri leikmenn sem vilja hægja á sér, æfa minna og skila einhverju til félagsins. Í dag værum við ekki með þennan vettvang, nema með vensla liði þar

sem stelpur þurfa að skipta um félag. Og því hætta of margar konur of snemma að leika knattspyrnu. Sjálf endaði Sigrún sinn feril í Augnabliki en hefði viljað klára ferilinn í Breiðabliki. Sigrún sagði að breytingar geti verið erfiðar. Það sé þægilegt að halda áfram í sama farinu og vera á móti breytingum. En Sigrún sagði einnig að breytingar væru nauðsynlegar og að við mættum ekki vera hrædd við þær. Alls staðar í heiminum fara efnilegir leikmenn í stærri félög. Sigrún sagði að það myndi ekki breytast þó þessari tillögu yrði hafnað. Sigrún hvatti þingheim að hafna ekki tillögunni á þeim forsendum að stór félög stæðu á bakvið hana eða af því að þingfulltrúar héldu að tillagan hefði slæm áhrif á þeirra félag. Hún hvatti jafnframt þingheim til að samþykkja tillöguna á þeim forsendum að breytinga væri þörf til að bæta kvennaboltann á Íslandi og að mögulega myndi þessi tillaga verða til þess að fleiri stelpur spili lengur í sínu félagsliði, efla þannig félögin og fjölga stelpum í fótbolta. Sigrún sagði að við þyrftum að þora að breyta og vonaðist til að sjá árangur þessara breytinga eftir 2-3 ár. Ef þessi breyting væri ekki málið, sagði Sigrún, þá mætti breyta aftur til baka eða finna nýja og betri leið. Það væri eðli breytinga að óvíst væri hvort þær hafi góð eða slæm áhrif. En við kæmumst ekki að því nema að prófa. Sigrún benti á að kvennaboltinn væri á mikilli siglingu í öllum heiminum og að Ísland mætti ekki bara standa og horfa á. Við þyrftum að þora að breyta.

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Viðar sagði að sameiginleg lið væri sér íslenskt fyrirbæri. Hann sagði jafnframt að FH væri eitt þeirra félaga sem leggi þessa tillögu fram en falli þó tæplega undir stórlið í knattspyrnu kvenna. Þessi tillaga væri lögð fram með stelpurnar í huga til að fleiri fengju tækifæri á hæsta stigi. Hann lagði til að þingheimur samþykkti tillöguna.

Katla Guðjónsdóttir (Víkingur R.) tók til máls. Katla sagðist ekki vera hrædd við breytingar. Hún sagði þó að skoða þyrfti þessa breytingu betur en gert hefði verið. Leggja þurfi frekari vinnu í 2. flokk kvenna svo þetta þjóni fleiri félögum en þeim sem leggja tillöguna fram.

Sigurður Garðarsson (Keflavík) tók til máls. Hann sagði að markmið tillögunnar væri gott. Sigurður benti þó á að vandamál kvennadeildarinnar væri hins vegar það að of margir góðir leikmenn safnist saman í sömu liðunum. Hann sagðist hafa reynslu af því í sínu starfi hjá Keflavík. Sigurður taldi þessa tillögu ekki til þess fallna að bæta kvennaboltann og að Keflavík myndi ekki samþykkja hana.

Jónas Halldór Friðriksson (Völsungur) tók til máls. Jónas benti á þær breytingar sem samþykktar voru fyrir á þinginu og spurði hvernig varaliðum yrði komið fyrir í deildarkeppninni.

Auður S. Ólafsdóttir (ÍR) tók til máls. Hún sagði að ÍR væri eindregið á móti þessari tillögu og bauð sig jafnframt fram í starfshóp um breytingar á fyrirkomulaginu í 2. flokki kvenna.

Sigurður Hrannar Björnsson (Fram) tók til máls og sagði að félagið væri á móti tillögunni. Hann sagði að of margt væri óljóst í þessari tillögu og lagði til að skipaður yrði starfshópur.

Valgeir Sigurðsson (KSÍ) tók til máls. Valgeir sagði að sjálfur hafi hann ekki myndað sér nægilega sterka skoðun á málinu. Til að svara Jónasi frá Völsungi, þá sagði Valgeir að lögin væru skýr og að ef þessi tillaga yrði samþykkt kæmu ný lið inn í 2. deild kvenna.

Valdimar Svavarsson (FH) tók til máls. Hann sagðist trúa því að allir í salnum vildu auka framgang kvenna knattspyrnunnar. Til að ná lendingu í þessu máli sagði Valdimar að hann væri, fyrir hönd þeirra félaga sem leggja tillöguna fram, hlynntur því að málinu yrði vísað til starfshóps á vegum KSÍ.

Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir (Breiðablik) tók til máls. Hún fagnaði umræðunni um kvenna fótbolta en var mótfallin því að þessu yrði vísað í starfshóp. Tímabært væri að taka ákvarðanir um kvennaboltann en ekki eingöngu ræða um hlutina.

Þingskjal 13c:

Lagt er til að framkomin tillaga á þingskjali 13 um varalið í meistaraflokkum kvenna verði vísað til starfshóps á vegum KSÍ.

Fyrir hönd Vals og FH, Valdimar Svavarsson.

Tillaga að þingskjali 13c var samþykkt með meirihluta atkvæða og málinu því vísað til stjórnar.

Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.

Engin slík mál höfðu borist

Önnur mál.

Ingi Sigurðsson (KSÍ). Hann sagðist hafa sagt það á sínum tíma, þegar hann bauð sig fram í stjórn KSÍ, að þegar neistinn væri farinn, þá myndi hann stíga til hliðar. Nú sé sá tími kominn. Ingi vildi þakka öllum þeim sem hann hafi unnið með í stjórn KSÍ. Jafnframt þakkaði hann starfsfólki KSÍ fyrir þeirra óeigingjarna starf og einnig öllum þeim sem hann hafi unnið með í nefndum og starfshópum KSÍ.

Kosningar

Eftirfarandi texti var sendur félögum þann 14. febrúar 2022 og var jafnframt borinn undir þingheim, af þingforseta, í upphafi þings:

Ef fleiri en átta framboð koma fram til stjórnar kjósi hver og einn þingfulltrúi þá átta frambjóðendur sem viðkomandi vill að taki sæti í stjórn KSÍ. Leggur kjörnefnd til að fjórir efstu frambjóðendur í kjörinu, þ.e. þeir frambjóðendur sem hafa flest atkvæði að baki sér, fái sæti í stjórn til tveggja ára og næstu fjórir til eins árs.

Ef greidd atkvæði skera ekki úr um hvaða frambjóðendur ná kjöri í stjórn vegna jafnra greiddra atkvæða að baki þeim, mun kjörnefnd leggja til að kosið verði sérstaklega á milli þeirra frambjóðenda sem hlotið hafa jafn mörg atkvæði.

Að sama skapi ef greidd atkvæði skera ekki úr um hvaða frambjóðendur skipa efstu fjögur sæti í kosningunum, og fá þannig kjör til tveggja ára, vegna jafnra greiddra atkvæða að baki þeim, mun kjörnefnd leggja til að kosið verði sérstaklega á milli þeirra frambjóðenda sem hlotið hafa jafn mörg atkvæði.

Ef aðeins átta framboð koma fram til stjórnar, þannig að allir frambjóðendur teljast sjálfkjörnir í stjórn KSÍ, leggur kjörnefnd til að fram fari kosning þar sem hver þingfulltrúi hefur rétt til að kjósa þá fjóra frambjóðendur sem viðkomandi vill að taki sæti í stjórn KSÍ til tveggja ára. Fjórir efstu frambjóðendur að lokinni atkvæðagreiðslu tækju sæti í stjórn KSÍ til tveggja ára en fjórir neðstu til eins árs.

Þingforseti lagði jafnframt til að kosningin yrði með rafrænum hætti.

Fyrirkomulag kosninga var samþykkt samhljóða.

Álit kjörnefndar flutti Steinn Halldórsson formaður.

Í kjörnefnd eru:

Steinn Halldórsson, formaður
Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir
Magnús Guðmundsson

Kosning formanns KSÍ til tveggja ára:

Eftirfarandi framboð bárust:

Sævar Pétursson
Vanda Sigurgeirsdóttir

Frambjóðendum gafst kostur á að ávarpa þingheim.

Ávarp Sævars var sem hér segir:

Kæri þingforseti, þingfulltrúar og aðrir gestir.

Sævar Pétursson heiti ég og sækist eftir stuðningi ykkar í kosningu til formanns Knattspyrnusambands Íslands.

Það hefur mikið gengið á hjá KSÍ og íþróttahreyfingunni á undanförunum mánuðum sem hefur kallað á ýtarlega skoðun og greiningu á starfi sambandsins. Starfshópar í samstarfi við starfsfólk KSÍ hafa unnið ötult starf og skilað af sér ítarlegum úttektarskýrslum sem við sem hreyfing verðum að hafa til hliðsjónar og styðjast við í störfum okkar til framtíðar.

Ég mun leggja áherslu á að verkferlar verði styrktir, málefnum fundinn réttur farvegur og að KSÍ verði hér eftir og framvegis til fyrirmyndar þegar kemur að því að vinna gegn hverskonar ofbeldi.

Ástæðan fyrir því að ég sækist eftir kjöri til formanns KSÍ er vegna ástríðu minnar á fótbolta og allri vinnu í kringum íþróttina okkar fögru.

Ég hef allt mitt líf verið nátengdur íþróttum, spilað knattspyrnu, þjálfað börn sem og fullorðna. Ég hef unnið við og stýrt fjölda barna- og unglíngamóta ásamt því að hafa verið í forystu fyrir KA undanfarin ár. Þekking mín á starfi félaganna er mikil og hjálpar mér að skilja þá baráttu sem glímt er við á hverjum degi. Hvort sem um er að ræða aðildarfélög í Reykjavík og nágrenni eða á landsbyggðinni þá eru verkefni ærin. Rekstur félaganna kallar á mismunandi áherslur eftir staðsetningu og þarf formaður KSÍ að hafa skilning á því umhverfi sem félögin búa við.

Að því sögðu er þó eitt sem öll félögin í landinu eiga sameiginlegt og það er skilningurinn fyrir mikilvægi sjálfbóðaliða innan hreyfingarinnar.

Án ykkar sjálfbóðaliðanna sem eruð hér í dag og út um allt land, væru rekstur allra félaga á landinu ómögulegur.

Það er mitt mat að mikilvægt sé að móta embætti formanns KSÍ upp á nýtt.

Ég vil sjá skýra línu milli starf formanns og framkvæmdastjóra og tryggja þannig að framkvæmdastjóri beri ábyrgð á daglegum rekstri sambandsins og að formaður komi einungis að fyrirfram ákveðnum verkefnum.

Þau verkefni eru t.d. erlend samskipti við UEFA og FIFA, stefnumótun og framtíðarsýn, gerð markaðssamninga og mannvirkjamál.

Með þessum áherslubreytingum skapast möguleiki til að virkja samtalið enn frekar við aðildarfélög í landinu. Það er mín sýn að formaður KSÍ geti verið í betri tengslum við félögin í landinu og hjálpað til og verið til staðar þegar félögin þurfa á því að halda. Með þessu erum

við að tryggja það að öll sú þekking sem KSÍ býr yfir skili sér með bestum hætti til sjálfra aðildafélaganna.

Eitt af þeim brýnu verkefnum sem við stöndum frammi fyrir er að endurbyggja nýjan þjóðarleikvang, við erum á of mörgum undanþágum sem við fáum ekki til eilífðar. Þar höfum við fengið ríki og borg að borðinu og á næstunni þarf að stíga stór skref í þessari vegferð. Þetta mun hinsvegar ekki koma niður á framlögum borgarinnar til félaganna í Reykjavík, það myndum við aldrei sætta okkur við.

Áhuginn á íslenskum fótbolta hefur aldrei verið meiri og er í mikilli sókn, þetta staðfesta nýir samningar ÍTF og KSÍ við Genius Sports um streymis og gagnarétt íslensku knattspyrnunnar. Þessir samningar eru ekki lokapunktur, heldur nýtt upphaf að markaðssetningu fyrir íslenskan fótbolta. Þennan meðbyr þarf að grípa og nýta vel fótboltanum til framdráttar, hér innanlands sem og erlendis.

Það er mín staðfasta trú að sú markaðsvinna sem unnin hefur verið síðustu mánuði muni að lokum stækka vörumerkið okkar til mikilla muna sem mun þýða meiri tekjur fyrir bæði kvenna og karla knattspyrnu í landinu, sem hægt er að nýta til að efla knattspyrnuna enn frekar. Við verðum að þora að hafa háleitar hugmyndir og við verðum að þora að ýta þeim í framkvæmd.

Kæru vinir, í stórrí hreyfingu verður að vera rúm fyrir ólíkar skoðanir og heilbrigð skoðanaskipti. Við eigum að vinna að lausnum með jákvæðni og uppbyggilegri gagnrýni að leiðarljósi. Ég lít svo á að það sé hlutverk formanns KSÍ að leiða saman þessi ólíku sjónarmið og að leita úrlausna með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

Ímynd íslenskrar knattspyrnu er okkur öllum mikilvæg, við þurfum öll í sameiningu að vinna að því að upphefja hana í hæstu hæðir. Ég mun sannarlega leggja mitt af mörkum og treysti því að við fylgjumst öll að í þeirri vegferð.

Að lokum langar mig að gera orð Grétars Rafns á málþinginu frá því í gær að mínum. En gaman var að heyra frá aðila sem hefur horft á starf okkar utan frá. Hann sagðist ekki vera sammála því að hlutirnir væru jafn slæmir eins og umræðan hefur verið síðustu vikur og mánuði, það væru tækifæri til árangurs og bjart framundan. Ég gæti ekki verið meira sammála honum.

Ég vil leiða Knattspyrnusamband Íslands og vinna fyrir ykkur - félögin í landinu - sem formaður KSÍ!

Takk fyrir.

Ávarp Vöndu var sem hér segir:

Kæru félagar.

Ég tók við sem formaður fyrir tæpum 5 mánuðum, á stormasamasta tímabili í íslenskum fótbolta. Ég var sú eina sem bauð mig fram í það erfiða verkefni sem blasti við. Ég stökk inn í öldurótið og bretti upp emmar. Sigla þurfti skútunni í örugga höfn. Ég var ekki ein í þessari siglingu, langt í frá, margir lögðu hönd á plóg og saman tókst okkur að búa til betra veður. Við

höfum á þessum mánuðum aldrei hætt að tala um fótbolta en við erum nú komin á þann stað að geta sett fótboltann í forgang. Framundan eru bjartari tímar og margt spennandi að gerast. Ég legg fram þá einlægu ósk að fá tækifæri til að halda siglingunni áfram - með ykkur félögunum, við að efla enn frekar knattspyrnuna í landinu og styrkja ímynd okkar til framtíðar.

Til að finna bestu leiðina hef ég síðastliðnar vikur ferðast um landið og átt ótal símtöl og samtöl við ykkur, þar sem ég hef lagt mig fram við að hlusta á ykkar hugmyndir, áskoranir og tækifæri til vaxtar, ásamt því að kynna mína framtíðarsýn fyrir KSÍ. Það hefur verið ómetanlegt að eiga þessi samtöl - og mér finnst ég hafa yddast eins og besti blýantur - því nú skil ég betur en nokkru sinni hvað það er sem skiptir mestu máli - og það eru þið félögin í landinu. Og þar liggja mín baráttumál.

Verði ég þess heiðurs aðnjótandi að verða kjörin áfram formaður KSÍ mun ég láta verkin tala, færa mig nær félögunum og berjast fyrir hagsmunum ykkar í hvívetna. Ég ætla hér að nefna þrjú atriði sem ég mun leggja sérstaka áherslu á.

- Í fyrsta lagi mun ég færa skrifstofuna með reglubundnum hætti um landið, til ykkar félaganna, þannig mun ég ná enn betri tengslum og öðlast innsýn í ykkar reynsluheim - og verð fyrir vikið enn betri bandamaður, enn beittari í baráttunni.
- Í öðru lagi mun ég nota þær hugmyndir sem ég hef fengið frá ykkur til að gera 100 daga áætlun. Allir punktarnir frá öllum fundunum koma inn í þessa áætlun með einum eða öðrum hætti og ég mun sýna með þessu að ég er að hlusta á ykkur, ég heyrri hvað þið eruð að segja og ég ætla að starfa fyrir ykkur.
- Í þriðja lagi þá mun ég mæta á fundi sveitarstjórnar til að aðstoða í mannvirkjamálum, því ég tel að formaður KSÍ eigi að vera öflugur málsvari félaganna í landinu. Ég hef þegar hafið þessa vinnu og mun halda henni áfram.

Fyrir utan þetta get ég nefnt U21 / 23 ára landslið kvenna, sem ég mun berjast fyrir á vettvangi UEFA, átaksverkefni í dómaramálum, sem fer í gang á næstunni, yfirmann knattspyrnumála, sem stefnt er að ráða á árinu, þjálfaranámskeið á vettvangi eineltis, foreldrasamstarfs og annarra félagslegra þátta, afreksstarf og uppeldisstarf, sem geta svo fallega gengið hönd í hönd og svo mætti áfram telja.

Í samtölum mínum við ykkur hefur mörgum verið tíðrætt um starfsemi og skipulag KSÍ. Í þeim málum mun ég leitast til að vinna með ykkur í hreyfingunni og setja af stað vinnuhóp. Hópurinn hefur það verkefni að skoða stjórnskipulag KSÍ með áherslu á hlutverk stjórnar, formanns og framkvæmdastjóra. Samhliða þessari vinnu erum við í margreyndri stefnumótunarvinnu með UEFA, ásamt því að FIFA eru á leiðinni til að taka út lög KSÍ. Á næstu árum verður því starfsemin, stjórnskipulagið, reksturinn og lögin rýnd í þaula og í því felast fjölmörg tækifæri fyrir okkur.

Kæru félagar, ég hef alveg frá því að ég man eftir mér verið hugsjónarmanneskja og ég hef unnið sleitulaust að þeim málum og málefnum sem að skipta mig máli. Núna býð ég fram krafta mína fyrir fótboltann, fyrir félögin, fyrir ykkur. Ég óska eftir ykkar stuðningi

Vegna tæknilegra vandamála var bið á framkvæmd kosninga. Var því brugðið á það ráð að gefa frambjóðendum kost á að kynna sig, á meðan beðið var. Frambjóðendur til stjórnar gerðu því næst stuttlega grein fyrir sér.

Því næst var gengið til kosninga.

Atkvæði féllu þannig að:

Sævar Pétursson hlaut 44 atkvæði

Vanda Sigurgeirsdóttir hlaut 105 atkvæði

Vanda Sigurgeirsdóttir var því réttkjörin formaður KSÍ til tveggja ára og var hyllt með lófaklappi.

Kosning til stjórnar KSÍ:

Eftirtaldir tólf aðilar gáfu kost á sér í aðalstjórn:

Ásgrímur Helgi Einarsson, Reykjavík

Borghildur Sigurðardóttir, Kópavogi

Guðlaug Helga Sigurðardóttir, Suðurnesjabæ

Helga Helgadóttir, Hafnarfirði

Ívar Ingimarsson, Egilsstöðum

Jón Páll Pálmason, Hafnarfirði

Lárus Sigurðsson, Reykjavík

Pálmi Haraldsson, Akranesi

Sigfús Ásgeir Kárason, Reykjavík

Sváfnir Gíslason, Mosfellsbæ

Torfi Rafn Halldórsson, Hafnarfirði

Unnar Stefán Sigurðsson, Reykjanesbæ

Atkvæði féllu þannig að:

Ásgrímur Helgi Einarsson hlaut 62 atkvæði

Borghildur Sigurðardóttir hlaut 116 atkvæði

Guðlaug Helga Sigurðardóttir hlaut 115 atkvæði

Helga Helgadóttir hlaut 112 atkvæði

Ívar Ingimarsson hlaut 137 atkvæði

Jón Páll Pálmason hlaut 44 atkvæði

Lárus Sigurðsson hlaut 81 atkvæði

Pálmi Haraldsson hlaut 119 atkvæði

Sigfús Ásgeir Kárason hlaut 124 atkvæði

Sváfnir Gíslason hlaut 65 atkvæði

Torfi Rafn Halldórsson hlaut 110 atkvæði

Unnar Stefán Sigurðsson hlaut 99 atkvæði

Ívar Ingimarsson, Sigfús Ásgeir Kárason, Pálmi Haraldsson og Borghildur Sigurðardóttir voru því réttkjörin í stjórn KSÍ til tveggja ára.

Guðlaug Helga Sigurðardóttir, Helga Helgadóttir, Torfi Rafn Halldórsson og Unnar Stefán Sigurðsson voru því réttkjörin í stjórn KSÍ til eins árs.

Kosning varamanna til stjórnar til eins árs:

Eftirtaldir þrír aðilar gáfu kost á sér í varastjórn:
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Akranesi
Kolbeinn Kristinsson, Reykjavík
Tinna Hrund Hlynsdóttir, Ísafirði

Fleiri framboð bárust ekki og voru þau því sjálfkjörin.

Kosning aðalfulltrúa landshluta til tveggja ára:

Eftirtaldir fjórir aðilar gáfu kost á sér:
Austurland – Eva Dís Pálmadóttir
Vesturland – Oddný Eva Böðvarsdóttir
Norðurland – Ómar Bragi Stefánsson
Suðurland – Trausti Hjaltason

Fleiri framboð bárust ekki og voru þau því sjálfkjörin.

Kosning varafultrúa landshluta til tveggja ára:

Eftirtaldir fjórir aðilar gáfu kost á sér:
Austurland – Guðmundur Bj. Hafþórsson
Vesturland – Sigrún Ólafsdóttir
Norðurland – Brynjólfur Sveinsson
Suðurland – Sævar Þór Gíslason

Fleiri framboð bárust ekki og voru þau því sjálfkjörin.

Kosning fulltrúa á íþróttapeing ÍSÍ

Tillaga kjörnefndar um að vísa skipun fulltrúa á íþróttapeing ÍSÍ til stjórnar KSÍ var samþykkt.

Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis

Kjörnefnd gerði tillögu um Birnu Maríu Sigurðardóttur (Deloitte) og var hún sjálfkjörin.

Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ til tveggja ára

Kosið var í nefndina árið 2021 og því næst kosið á ársþingi 2023.

Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörin:

Aðalmenn:

Feldís Lilja Óskarsdóttir, formaður
Jóhannes Albert Sævarsson
Steinar Þór Guðgeirsson

Varamenn:

Eva B. Helgadóttir
Halldór Brynjar Halldórsson
Höskuldur Eiríksson
Lúðvík Örn Steinarsson
Valgerður Valdimarsdóttir

Kosning í leyfisráð KSÍ:

Kjörnefnd gerði tillögu um að eftirtalda sem voru sjálfkjörin:

Guðmundur H. Pétursson, formaður
Stefán Orri Ólafsson, varaformaður
María Björg Ágústsdóttir
Valdimar Pálsson
Þorgerður Marinósdóttir

Kosning í leyfisráð KSÍ:

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörin:

Aðalmenn:

Heimir Örn Herbertsson, formaður
Guðrún Inga Sívertsen, varaformaður
Björn Ingi Victorsson
Jónas Þórhallsson
Líney Rut Halldórsdóttir

Varamenn:

Jón Gunnlaugsson
Ragnar Gíslason
Ingibjörg Hinriksdóttir

Kosning fulltrúa í kjaranefnd til tveggja ára:

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörin:

Aðalmenn:

Margrét Sanders, formaður
Björn Ingi Victorsson
Vignir Már Þormóðsson

Varamaður:

Vilborg Gunnarsdóttir

Kjörnefnd

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þau sjálfkjörin:

Steinn Halldórsson, formaður
Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir
Magnús Guðmundsson

Kosning í siðanefnd KSÍ til tveggja ára

Kosið var í nefndina árið 2021 og því næst kosið á ársþingi 2023.

Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF í stjórn KSÍ til tveggja ára

Orri Hlökkversson, formaður ÍTF, var staðfestur í stjórn KSÍ á ársþingi í febrúar 2021 til tveggja ára.

Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.**Þingslit**

Þórir Haraldsson, 1. þingforseti, þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og starfsmönnum fyrir þeirra störf. Sérstaklega þakkaði hann Ágústi Inga Jónssyni fyrir hans störf en Ágúst Ingi hafði áður gefið það út að 76. ársþing KSÍ yrði hans síðasta sem þingritari.

Þórir las upp kveðju frá Vöndu til þingheims og var hún svo hljóðandi:


Full þakklætis og auðmýktar, djúpt snortin yfir stuðningnum og hlakka til að vinna áfram með ykkur öllum. Horfum fram á veginn, saman. Áfram íslenskur fótbolti. Takk fyrir.

Að endingu sagði Þórir 76. ársþingi KSÍ slitið.

Þórir Haraldsson
1. þingforseti



Ágúst Ingi Jónsson
1. þingritari



Helga Guðrún Guðjónsdóttir
2. þingforseti



Dagur Sveinn Dagbjartsson
2. þingritari

